


**skoðun** 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




## Vilja heiðarlegar og góðar pylsur

*Forsprakkar Meistaramánaðar segja kjöt í góðu lagi.*

**fólk** 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**19. október 2012**
246. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Dramatískt verk sem stingur

*Björk Jakobsdóttir frumsýnir Blakkát.*

**tímamót** 18

## Kaliforníuvæðing

*„Þetta er vandinn í hnotskurn: a) kjósendur vilja borða köku b) kjósendur vilja ekki borga fyrir köku," skrifar Pawel Bartoszek.*

**umræða** 17



## Sigurgangan stöðvuð

*Nýliðar Skallagríms voru fyrstir til að leggja Fjölni.*

**sport** 26

### veðrið í dag




**SVALT** Strekkingsvindur við S- og SV- ströndina í dag en annars hægari. Lítilsháttar úrkoma við ströndina S- og A-lands en annars þurrt og bjart N-lands. Hiti 0-7 stig yfir daginn.

**VEÐUR 4**

# Aukagreiðslur til presta geta skipt milljónum króna á ári

**Mikill munur er á þeim arði sem hlunnindi á kirkjujörðum gefa af sér. Dæmi eru um að greiðslur til presta vegna laxveiði nemi milljónum króna. Engin heildarskrá er til yfir greiðslur og hlunnindi af kirkjujörðum.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Mikill munur er á tekjum presta vegna hlunninda á jörðum í eigu kirkjunnar. Arðgreiðslur af hlunnindum eins og laxveiði, æðardúni, leigu eða búmarki skiptast að vissu marki á milli prestsins sem býr á jörðinni og kirkjumálasjóðs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru dæmi um að sumar jarðir gefi árlega allt að átta milljónir króna í tekjur vegna laxveiði en aðrar nær ekkert. Það þýðir að viðkomandi prestur fær um fjórar milljónir í aukatekjur vegna sölu veiðileyfa, án þess þó að leggja fram nokkra aukavinnu.

Samkvæmt starfsreglum um prestssetur nýtur prestur arðs af hlunnindatekjum setursins sem ekki krefjast sérstaks vinnuframlags, allt að 600 þúsund krónum á ári, en tekjur umfram það renna til kirkjumálasjóðs. En nemi tekjurnar hærri upphæð en 1,2 milljónum króna, skal helmingur þeirra umframtekna skiptast á milli prests og kirkjunnar.

Hlunnindi eru skilgreind nákvæmlega í haldsbréfum presta, sem eru samningar á milli prests og kirkjumálasjóðs, og geta þau verið misjöfn eftir haldsbréfum og þeim lögum sem giltu þegar þau voru gerð. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra skulu allar hlunnindagreiðslur til presta vera taldar fram til skatts sem laun og á þær er lagður tekjuskattur og útsvar.

„Við höfum verið í samskiptum við presta í gegnum árin og sent þeim bréf um embættiskostnað og fleira í þeim dúr, þar sem reglunum hefur í stórum dráttum verið haldið við síðustu ár," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Hann bendir á að ekki sé um að ræða arð í skattalegu samhengi, heldur launatekjur.

Biskupsstofa vinnur nú að gerð skýrslu þar sem hlunnindi af kirkjujörðum eru skráð, en ekkert slíkt hefur áður verið gert. Öflun upplýsinga hefur þó ekki gengið sem skyldi þar sem prestar hafa svarað fyrirspurnum kirkjunnar seint og illa.

**- sv /** **sjá síðu 6**

**Dæmi um hlunnindi**

- Dúntekja
- Hreindýraveiði
- Laxveiði
- Leigutekjur



**GOTT Í GOGGINN** Þessi ungi svartbakur hafði náð sér í tindabikkju þegar ljósmyndari hitti á hann við höfnina í Reykjavík. Að sögn Gunnars Þórs Hallgrímssonar fuglafræðings eru ungfuglar af sumum tegundum máfa í svipuðum búningi áður en þeir verða fullvaxta og ganga þá oft undir heitinu grámáfar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Of Monsters and Men draga að:

## Gifta sig fyrir tónleikana

**FÓLK Lindsay Lewkoff og Dean Diamond eru á meðal þeirra fjölmörgu erlendu gesta sem sækja Ísland heim yfir Iceland Airwaves tónlistarhátíðina. Heimsókn Lindsay og Dean er þó sérstök fyrir þær sakir að þau ætla að gifta sig hér á landi 1. nóvember og enda brúðkaupsdaginn á tónleikum Of Monsters and Men, sem er uppáhaldshljómsveit parsins.**

**„Við vorum ekki hrifin af hugmyndinni um hefðbundið brúðkaup og vildum heldur hafa brúðkaupið lítið og innilegt. Þegar hjónaband barst fyrst í tal stakk ég upp á því í gríni að við ættum að hlaupa að brott og gifta okkur á Íslandi. Grínið vatt upp á sig og fljótlega vorum við farin að skipuleggja þessa stund," útskýrir Lindsay.**



LINDSAY LEWKOFF

**- sm /** **sjá síðu 30**

Innanríkisráðuneytið mótar reglur um kostnað lögmanna við innheimtu :

# Þak sett á innheimtukostnað

**ALÞINGI** Reglugerð um þann kostnað sem lögmenn mega innheimta af skuldurum er nú til umsagnar hjá Lögmannafélagi Íslands. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að samkvæmt lögum yrði hlustað á sjónarmið félagsins, en ráðuneytið væri ekki skuldbundið til að fara eftir þeim.

„Ég held að það séu sameiginlegir hagsmunir allra, ekki síst lögmanna, að þetta sé í réttlátum farvegi og við stefnum að því að kynna Alþingi málið hið allra fyrsta."

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Ögmund út í málið í gær. Hann sagði brýnt að slík reglugerð yrði sett og mörg dæmi hefðu komið fyrir þingnefndir um að kostnaðarkröfur lögfræðinga væru óhóflegar.

„Satt að segja ævintýralegar á köflum, þar sem kröfuupphæðin sjálf er orðin algjört aukaatriði en kostnaðurinn við lögfræðiinnheimtuna er orðinn marg-, marg-, margfaldur á við kröfuna."

**- kóp**

> Kostnaðurinn við lögfræðiinnheimtuna er orðinn marg-, marg-, margfaldur á við kröfuna.
>
> **HELGI HJÖRVAR**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR










## SPURNING DAGSINS



*Unnar, heldurðu að þú drukknir nokkuð í skuldum eftir þetta?*

„Nei, alls ekki. Hasselhoff kemur mér til bjargar."

Unnar Helgi Daníelsson Beck ætlar að standa fyrir tónleikum hérlendis með strandverðinum David Hasselhoff.

Þingnefnd hittist í dag til að ræða dóm Hæstaréttar um endurútreikninga Arion banka á gengisláni:

# Mátti ekki endurreikna vexti láns aftur í tímann

**DÓMSMÁL** Viðskipta- og efnahagsnefnd Alþingis mun funda í dag til að ræða dóm Hæstaréttar frá í gær. Niðurstaða dómsins var að Arion banka hafi verið óheimilt að endurreikna vexti gengisláns Borgarbyggðar aftur í tímann samkvæmt vöxtum Seðlabankans. Dómurinn gæti haft fordæmisgildi varðandi endurútreikninga gengislána.

Skarphéðinn Pétursson, lögmaður Borgarbyggðar í málinu, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að dómurinn gæti haft talsverða eftirmála. Til dæmis yrði lögunum um endurútreikning erlendra lána, sem kennd eru við Árna Pál Árnason, fyrrverandi viðskiptaráðherra, ekki beitt gegn ólögmætum gengistryggðum lánum í þeim tilfellum þar sem skuldari hafi greitt „samviskusamlega af höfuðstól og vöxtum".

„Ég held að þetta geti haft talsverð áhrif. Ef þetta hefur almennt fordæmisgildi fyrir lögaðila er ljóst að mjög margir hafa jafnvel ofgreitt lánin sín."

Með dóminum fóru eftirstöðvar láns Borgarbyggðar, sem fyrst var tekið hjá Sparisjóði Mýrasýslu árið 2006, úr 213 milljónum í 128 milljónir.

Héraðsdómur Vesturlands hafði fyrr á árinu úrskurðað að Arion banka hafi verið heimilt að endurreikna lánin með þeim hætti sem gert var en Hæstiréttur sneri dómnum við meðal annars vegna fordæmis í öðru máli sem hjón unnu gegn Dróma í febrúar síðastliðnum.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sagði í fréttum Stöðvar 2 að dómurinn hafi með þessum úrskurði tekið á tveimur álitaefnum varðandi slík mál. Meðal annars hvernig fara eigi með vaxtaútreikninga. „Og það er fagnaðarefni." **- þj**



**Í HÆSTARÉTTI** Dómur Hæstaréttar frá í gær um ólögmætan endurreikning gengisláns til Borgarbyggðar gæti haft talsverða eftirmála.

BSRB um Alþingi:

## Klári rammaáætlun faglega

**UMHVERFISMÁL** BSRB vill að stjórnvöld ljúki við gerð rammaáætlunar fyrir þinglok næsta vor. Þetta kemur fram í ályktun BSRB um umhverfismál, sem var samþykkt á nýafstöðnu þingi þess.

Rammaáætlunina verður að klára á faglegum grundvelli en ekki pólitískum, að mati BSRB. Aðeins þannig megi ná almennri sátt um verndunar- og virkjanamál.

Einnig var ályktað um umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu auðlinda, sem þurfi að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. **- þeb**



**KONUNGUR SYRGÐUR** Fjöldi fólks kom saman í höfuðborginni Phnom Penh. NORDICPHOTOS/AFP

Lík konungs flutt heim:

## Kambódíubúar syrgja Sihanuk

**KAMBÓDÍA, AP Jarðneskar leifar Norodoms Sihanouk, fyrrverandi konungs Kambódíu, voru í gær fluttar heim til Kambódíu frá Kína þar sem hann lést á mánudaginn.**

**Sihanouk hafði dvalið í Kína frá því í janúar, þar sem hann gekkst undir læknismeðferð.**

**Sihanouk ríkti í Kambódíu á árunum 1941 til 1955 og síðan aftur frá 1993 til 2004, en þá tók sonur hans, Norodom Sihamoni, við tigninni.** **- gb**

# Hreppsnefnd skorar á Strax að lækka verðið

**Hrunamenn kvarta yfir of háu vöruverði og stuttum afgreiðslutíma í versluninni Strax á Flúðum. Hreppsnefndin vill að verðið lækki og að búðin sé opin lengur. Samkaup segjast hafa lækkað verð þar sem fyrirtækið hafi tekið við eldri rekstri.**

**FLÚÐIR** „Verðlagið er svakalegt," segir Ragnar Magnússon, oddviti í hreppsnefnd Hrunamannahrepps, sem skorað hefur á verslunina Strax að lækka vöruverð og hafa lengur opið á veturna.

Strax, sem Samkaup rekur, er eina matvöruverslunin á Flúðum. Á fundi hreppsnefndar í byrjun október fór Ragnar oddviti yfir þjónustu verslunarinnar við íbúa sveitarfélagsins. Sagt var að mikið hefði borið á kvörtunum vegna afgreiðslutíma og verðlagningar verslunarinnar.

„Það er ríkjandi viðhorf að það sé verið að fleyta rjómann af versluninni með því að hafa bara vel opið yfir sumartímann þegar ferðamennirnir eru á kreiki en um leið og sá straumur hægist þá snarstytta þeir afgreiðslutímann," útskýrir Ragnar.

Í ályktun hreppsnefndarinnar er því beint „til forsvarsmanna verslunarinnar Strax á Flúðum að lengja afgreiðslutíma verslunarinnar yfir vetrartímann og lækka vöruverð." Hreppsnefndin hefur þó enga formlega stöðu gagnvart versluninni að þessu leyti.

„Þetta eru aðeins vinsamleg tilmæli til þeirra sem stjórna Strax að huga að þessum málum. Við höfum ekki fengið nein formleg viðbrögð af hálfu verslunarinnar en ákaflega jákvæðar undirtektir íbúanna í sveitinni við því að við skyldum hafa tekið þetta upp," segir Ragnar.

Á sumrin hefur Strax opið til tíu á kvöldin en á veturna lokar klukkan sex síðdegis. Það segir Ragnar afleitt. „Fólk þarf að taka sér frí úr vinnu til þess að komast í verslun," lýsir oddvitinn stöðunni.



**STRAX Á FLÚÐUM** Framkvæmdastjóri Samkaupa segir verð eins í öllum verslunum Samkaupa, líka í Strax á Flúðum þar sem opið sé alla daga vikunnar. MYND/SAMKAUP

> Það er ríkjandi viðhorf að það sé verið að fleyta rjómann af versluninni.
>
> **RAGNAR MAGNÚSSON,** ODDVITI Í HRUNAMANNAHREPPI.

Flestir fari reyndar í matvörubúðir á Selfossi því verðið sé svo hátt á Flúðum. „Verð á mörgum hlutum er alveg tvöfalt miðað við lágvöruverðsverslanir."

Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segir opnunartíma verslanakeðjunnar einfaldlega mismunandi eftir árstíma og staðsetningu á landinu. „Búðin á Flúðum er til dæmis opin alla daga vikunnar. Sumar búðir eru opnar fimm daga í viku og enn aðrar sex daga í viku," segir Ómar og leggur áherslu á að Samkaup reki verslanir víða í dreifbýli á svæðum sem aðrar verslunarkeðjur hafa ekki sýnt áhuga.

Hvað verðlag snertir segir Ómar það hljóta að vera krafa íbúa á alla sem veita þeim þjónustu, hvort sem það eru verslunareigendur eða yfirvöld sveitarfélags, að kostnaði sé haldið í lágmarki. „Samkaup hafa yfirtekið rekstur verslana á landsbyggðinni og hafa í öllum tilvikum lækkað vöruverð frá því sem áður var," segir framkvæmdastjóri Samkaupa.

**gar@frettabladid.is**

Tækifæri fyrir atvinnulausa:

## Geta stofnað samvinnufélög

**ATVINNUMÁL** Fólk á atvinnuleysisskrá getur nú tekið þátt í stofnun samvinnufélaga hér á landi. Verkefnið er í tilraunaskyni en það eru Rannsóknasetur verslunarinnar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Vinnumálastofnun sem standa að verkefninu.

Leitast verður við að starfsemin feli í sér samfélagslegan ávinning. Fólk sem tekur þátt heldur rétti til atvinnuleysisbóta í allt að ár á meðan verkefnið stendur. Þá mun Nýsköpunarmiðstöðin veita handleiðslu og Rannsóknasetur verslunarinnar býður kennslu og fræðslu. **- þeb**



**Á NÆSTA LEITI** Reikistjarnan sem fannst á dögunum markar nokkur tímamót. MYND/ESO

Geimferðastofnun Evrópu:

## Tímamótareikistjörnufundur

**VÍSINDI Evrópskir stjörnufræðingar hafa fundið reikistjörnu, álíka massamikla og jörðina, á braut um stjörnu í Alfa Centauri-kerfinu, sem er nálægasta stjörnukerfi við jörðina, í um 4,3 ljósára fjarlægð. Þetta kemur fram á Stjörnufræðivefnum.**

**Um er að ræða stórmerka uppgötvun, enda í fyrsta sinn sem reikistjarna með massa á við jörðina finnst í kringum stjörnu sem líkist sólinni okkar. Hún er þó of nálægt sinni móðurstjörnu og því alltof heit til þess að líf eins og við þekkjum það geti þrifist þar. Hún gefur þó von um að fleiri reikistjörnur sé að finna í kerfinu.** **- þj**




Kaþólskir og mótmælendur ósáttir við opnun fyrstu fóstureyðingastofu Írlands:

# Hundruð manna mótmæla

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Jafnt kaþólskir íbúar Norður-Írlands sem mótmælendur tóku þátt í mótmælum í Belfast í gær gegn fyrstu fóstureyðingarstofunni sem opnuð er á Írlandi.

Á stofunni stendur konum til boða að fá fóstureyðingarpillur ef meðganga er ekki komin lengra en á níundu viku. Þetta verður þó aðeins heimilt ef læknir telur að þungun þeirra stofni framtíðarheilsu þeirra eða lífi í hættu.

Á Írlandi og Norður-Írlandi heimila lög einungis fóstureyðingar að þessum skilyrðum uppfylltum.

Fjölmargir Írar og Norður-Írar eru hins vegar algerlega andvígir fóstureyðingum, jafnvel þegar svo stendur á að líf eða framtíðarheilsa móðurinnar sé í hættu.

Um tvö hundruð manns mættu því til að mótmæla opnun stofunnar í gær, þeirrar fyrstu sem opnuð er á gjörvallri eyjunni.

Þeir sveifluðu spjöldum þar sem á stóð „Höldum Írlandi fóstureyðingalausu".

Þá sá John Larkin, aðalsaksóknari Norður-Írlands, ástæðu til að skrifa þingmönnum, sem flestir eru andvígir fóstureyðingum, bréf þar sem hann bauð fram aðstoð sína ef þeir sæju ástæðu til að rannsaka starfsemi stofunnar.

Hann tók þó fram að hann gæti ekki gefið fyrirmæli um að stofunni verði lokað nema vísbendingar komi um að „alvarlegir glæpir" séu framdir þar. **- gb**




**MÓTMÆLI Í BELFAST** Fóstureyðingar eru illa séðar af mörgum á Írlandi. NORDICPHOTOS/AFP

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Tilboðin gilda 19.10 til 21.10

**CRUISE FERÐATÖSKUR**
Góðar, harðar ferðatöskur. Fást í svörtu og fjólubláu. Töskurnar fást í 3 stærðum:
Hæð: 57 sm. **7.995** nú **4.995**
Hæð: 64 sm. **12.950** nú **7.995**
Hæð: 75 sm. **14.950** nú **8.995**



40% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ FRÁ:
**4.995**



30% AFSLÁTTUR

**FATAEFNI**
Mikið úrval af fataefnum á frábæru verði!
Komdu og gerðu góð kaup!

VERÐ FRÁ:
**899**



EVITA BASTKÖRFUR
25% AFSLÁTTUR

## KOMDU Í RÚMFATALAGERINN OG GERÐU GÓÐ KAUP Á FRÁBÆRUM TILBOÐUM!

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR







ÖLL ÆFINGATÆKI
25% AFSLÁTTUR



3 + 2

SÓFASETT 3+2 FULLT VERÐ: 149.950

**89.950**

SPARIÐ 60.000

**VEJLE SÓFASETT 3+2**
Flott, svart sófasett með PU áklæði. Nú á frábæru tilboði!



ALLAR GÓLFMOTTUR
30% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:
**745**

**CAPRI HANDKLÆÐI**
Glæsileg handklæði í fallegum litum. Efni: 100% bómull. Stærðir:
50 x 100 sm. Fullt verð: **995** nú: **745**
70 x 140 sm. Fullt verð: **1.995** nú: **1.495**
100 x 150 sm. Fullt verð: **2.995** nú: **2.245**



ALLIR FIBERKODDAR
20% AFSLÁTTUR

**GENGIÐ 18.10.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,42 | 123,00 |
| Sterlingspund | 197,66 | 198,62 |
| Evra | 160,43 | 161,33 |
| Dönsk króna | 21,505 | 21,631 |
| Norsk króna | 21,770 | 21,898 |
| Sænsk króna | 18,711 | 18,821 |
| Japanskt jen | 1,5437 | 1,5527 |
| SDR | 189,21 | 190,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,2794

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sambandið afhendir Þjóðskjalasafni Íslands skjalasafn sitt formlega til varðveislu:

# Skjalasafnið fyllir 8.000 öskjur

**SAGA** Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) afhendir Þjóðskjalasafni Íslands skjalasafn sitt til varðveislu í dag. Safnið er gríðarmikið vöxtum og geymir frumheimildir um merkilegan kafla í sögu 20. aldar á Íslandi.

Á fréttavefnum Vikudegi segir frá því að eftir að safnið hafði um árabil verið varðveitt í Héraðsskjalasafni Þingeyinga á Húsavík var því komið fyrir í flutningabíl sem flytur það suður yfir heiðar.

Skjalasafn Sambandsins er mikið að vöxtum og er stærsta einkaskjalasafn sem afhent hefur verið Þjóðskjalasafni til varðveislu. Samtals er skjalasafnið um 600 hillumetrar að stærð, eða rúmlega 8.000 skjalaöskjur, segir í frétt Vikudags.

Elstu skjölin í skjalasafninu er frá síðari hluta 19. aldar og þau yngstu frá síðustu aldamótum. Skjalasafnið er mikilvægt þegar kemur að rannsóknum á sviði viðskipta, atvinnu og stjórnmála. Eftir vinnu við röðun, uppsetningu í hillur og frágang skjalaskrár verður skjalasafn Sambandsins aðgengilegt almenningi og fræðimönnum snemma árs 2013. **- shá**



**SKJALASAFN** Safnið fyllir 600 hillumetra og geymir verðmætar heimildir um sögu 20. aldar.

Námsvefur fyrir grunnskóla:

# Opna vef um barnasáttmála

**SAMFÉLAGSMÁL** Búið er að opna námsvef um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna.

Á vefnum er fróðleikur og gagnvirk verkefni, leikir, þrautir og ýmsar upplýsingar. Þá eru þar kennsluhugmyndir. Vefurinn er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum en einnig fyrir almenning, bæði börn og fullorðna.

Barnaheill, UNICEF og Umboðsmaður barna unnu að vefnum í samstarfi við Námsgagnastofnun. **- þeb**

# Skoða mismunun í dönskum háskóla

**Íslenskir námsmenn hafa lent í stappi við danskan háskóla vegna krafna um dönskukunnáttu. Mögulega brot á samningi milli Norðurlandanna. María Ósk Bender flutti út með fjölskylduna en var synjað þegar þangað var komið.**

**MENNTUN** Menntamálaráðuneytið kannar nú hvort íslenskir námsmenn hafi mátt þola mismunun þegar þeim hefur verið synjað um skólavist við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) vegna meintrar ófullnægjandi dönskukunnáttu.



**MARÍA ÓSK BENDER**

Skólinn krefst þess að íslenskir umsækjendur hafi lokið átján einingum í dönsku í framhaldsskóla. Þó að dönskum skólum sé almennt frjálst að setja sín eigin inntökuskilyrði kannar íslenska menntamálaráðuneytið nú hvort um mismunun sé að ræða. Í samningum milli Norðurlandanna er miðað við að öll Norðurlandamál séu metin til jafns milli landanna.

Óvíst er hversu margir Íslendingar hafa þurft að hætta við að sækja nám í Danmörku vegna málsins, en samkvæmt upplýsingum frá íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn hafa sex námsmenn kvartað undan CBS vegna svipaðra mála. Þrír þeirra hafa kært ákvörðunina til menntamálaráðuneytisins.

María Ósk Bender er á meðal þeirra, en hún flutti út með fjölskyldu sína í sumar, í góðri trú um að hún fengi að hefja meistaranám í mannauðsstjórnun í CBS. Hún hafði fengið inni í skólanum en var svo beðin um að senda inn upplýsingar um námsferil í dönsku.

„Þá byrjaði ballið. Skólinn krafðist átján eininga í dönsku en níu einingar þarf til stúdentsprófs á Íslandi. Það er í raun einstakt að nokkrir hafi lokið átján einingum.“

María fékk einmitt það uppáskrifað frá menntamálaráðuneytinu og sendi út til skólans.

„Þá hélt ég að ég væri orðin gulltryggð, og við fluttum út. Svo var ég búin að vera í skólanum í viku þegar ég fæ loks svar og þeir halda því til streitu að hægt sé að ná átján einingum á Íslandi.“

María hefur kært úrskurðinn til yfirstjórnar skólans, en er ekki bjartsýn á að það gangi eftir, því að annar Íslendingur hefur þegar fengið synjun og kært það til danskra menntamálayfirvalda.

María segir framhaldið í óvissu hjá fjölskyldunni, en heimför er ekki á döfinni. „Það er ekki til umræðu. Við erum komin hér út og stelpurnar okkar eru byrjaðar á leikskóla. Nú ætla ég að leita að vinnu og skrá mig í fjarnám eftir áramót. Svo sjáum við til hvort rætist ekki úr málunum, en þetta blessast örugglega allt á endanum.“

Í svari frá íslenska menntamálaráðuneytinu segir að mál námsmannanna ættu að skýrast brátt.

**thorgils@frettabladid.is**

## Ríkið vill fækka erlendum nemum

Vandi íslensku námsmannanna sem hér um ræðir er afleiðing af kröfu danskra yfirvalda um að taka ekki á móti fleiri erlendum nemum en sem svarar til fjölda Dana við nám erlendis. Erlendum háskólanemum í Danmörku hefur fjölgað verulega síðustu ár, með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð. Nokkur gagnrýni hefur komið fram og danska menntamálaráðuneytið er nú að endurskoða málið.



**UMDEILD VIÐMIÐ** Viðskiptaháskólinn í Kaupmannahöfn hefur neitað íslenskum námsmönnum um skólavist vegna meintrar vankunnáttu í dönsku. MYND/CBS

**VEISTU MEIRA?**

Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**

Píanóleikari kom fyrir rétt:

# Sakaður um að móðga trúaða

**TYRKLAND, AP** Píanóleikarinn Fazil Say, sem hefur leikið með ýmsum helstu hljómsveitum heims, þurfti að svara til saka fyrir dómstólum í gær vegna Twitter-skilaboða, þar sem hann gerði lítið úr öfga-múslímum.



**FAZIL SAY**

Réttarhöldunum var frestað þangað til í febrúar, en hann á yfir höfði sér 18 mánaða fangelsi, að öllum líkindum þó skilorðsbundið.

Hundruð manna mættu til réttarhaldanna til að sýna honum stuðning og hvetja tyrknesk stjórnvöld til að tryggja tjáningarfrelsið. **- gb**

Bráðamóttaka fyrir börn:

# Skortur á starfsfólki á kvöldin

**NOREGUR Fjöldi barna yngri en 14 ára sem leitar til háskólasjúkrahússins í Ósló vegna gruns um líkamlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi hefur tvöfaldast á undanförnum fimm árum.**

**Í frétt á vef Aftenposten segir að skortur sé á starfsfólki til að taka á móti börnunum eftir skrifstofutíma. Vitnað er í hjúkrunarfræðing sem segir að fullorðnir í sömu stöðu fái betri þjónustu. Auk þess finnist ekki í öllum sveitarfélögum sérstök bráðaþjónusta fyrir börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Á venjulegum bráðamóttökum hafi læknar ekki tíma til að gera þær sérstöku rannsóknir sem eru nauðsynlegar. - ibs**



**MINKUR ELTUR Á SAUÐÁRKRÓKI** Skagfirðingar vilja meira fé til að veiða ref og mink.

Refir og minkar í Skagafirði:

# Minnkandi minkaveiðar

**UMHVERFISMÁL** Alls veiddust 339 refir og 133 minkar í sveitarfélaginu Skagafirði á þessu ári. „Minkaveiðin hefur farið minnkandi undanfarin ár en refaveiðin er heldur að aukast,“ segir um veiðarnar í fundargerð landbúnaðarnefndar Skagafjarðar. „Nefndarmenn eru sammála um að refur er að fjölga sér og ný greni eru að finnast nær byggð en áður hefur verið,“ segir landbúnaðarnefndin sem skorar á ríkið að auka aftur fjármagn til veiðanna. „Undanfarin ár hefur verið stöðugt minna fjármagn frá ríkinu í þessa veiði og alls ekkert til refaveiðinnar.“ **- gar**

**PRÓFKJÖR**

**Vilhjálmur í prófkjör**



Vilhjálmur Bjarnason lektor ætlar að gefa kost á sér í fyrsta til sjötta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Vilhjálmur er lektor við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.


# Þjóðaratkvæðagreiðslan 20. október 2012

**Vantar þig upplýsingar um kjörstaði eða hvar þú ert á kjörskrá?**

Upplýsingar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar er að finna á **kosning.is**

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN** Litur út fyrir ágætis hausthelgi. Víða hægviðri og þurrt en strekkingur við S- og SV-ströndina og lítilsháttar væta. Að mestu bjart fyrir norðan en gæti dregið fyrir um tíma á morgun. Hiti yfirleitt 0-7 stig yfir daginn en næturfrost víðast hvar. Hlýnar lítillega á sunnudag.



**Á MORGUN** 5-13 m/s allra syðs, annars hægari

**SUNNUDAGUR** Víða hægviðri

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 21° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# Stór plús fyrir fjölskylduna




Prius+ er glæsilegur 7 manna fjölskyldubíll — hannaður með gott rými og hagkvæmni í huga. Hann er búinn Hybrid Synergy Drive kerfinu sem gerir bílinn einstaklega hentugan fyrir borgarakstur. Prius+ er auk þess hlaðinn snjöllum tækninýjungum sem gleðja þig hvort sem þú ert farþegi eða situr í bílstjórasætinu.

Prius+ er fjölskylduvænn afrakstur af 15 ára þróunarsögu Prius þar sem fylgt hefur verið ströngustu kröfum um notagildi og sparneytni. Prius+ notar aðeins frá 3,8 lítrum á hundraðið.

Verð frá 5.910.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| --- | --- | --- | --- |
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 61529 10/12

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða fyrrverandi Baywatch-leikari er á leið til landsins til að halda tónleika?*
2. *Hverjir eru farnir að líta til Íslands í árvissum haustfríum sínum?*
3. *Hversu mikið þarf ríkið að setja í Íbúðalánasjóð til að ná lögbundnu eiginfjárhlutfalli?*

**SVÖR:**

*1. David Hasselhoff 2. Norðmenn 3. 12 til 14 milljarða*

Huawei bregst við fréttaflutningi af skýrslu bandarískrar þingnefndar:

# Þriðji aðili fær aldrei upplýsingar

**UPPLÝSINGATÆKNI** Kínverska fjarskiptatæknifyrirtækið Huawei tekur öryggismál afar alvarlega, að því er fram kemur í yfirlýsingu Kenneths Fredriksen, aðstoðarsvæðisforstjóra Huawei í Mið- og Austur-Evrópu auk Norðurlanda.

Með yfirlýsingunni bregst Fredriksen við fréttaflutningi af skýrslu bandarískrar þingnefndar sem í liðinni viku varaði við því að bandarísk fyrirtæki ættu viðskipti við Huawei. Vegna tengsla við Kína vill þingnefndin meina að fyrirtækinu sé ekki treystandi fyrir uppbyggingu fjarskiptakerfa vestra.



**KENNETH FREDRIKSEN**

Orðspor Huawei er hins vegar gott, bæði hvað varðar tækni og þjónustu, líkt og íslensk fjarskiptafyrirtæki sem nota búnað frá Huawei hafa vitnað um.

Fredriksen bendir á að öryggi upplýsingatækni sé lykilatriði í hönnun og þróun tækjabúnaðar fyrirtækisins.

„Huawei notar stöðluð ferli til að takast á við öryggisvá í upplýsingatækni. Upplýsingaöryggi er þannig hluti af kjarnahugsun fyrirtækisins,“ segir hann og bendir á að vörur Huawei og lausnir séu í notkun hjá fjarskiptafyrirtækjum á öllum Norðurlöndum, og raunar um heim allan.

„Huawei hefur ekki, og mun aldrei, hætta stöðu sinni og árangri, eða öryggi upplýsingakerfa viðskiptavina sinna með því að veita þriðja aðila aðgang að upplýsingum. Hvorki ríkisstjórnum, né neinum öðrum,“ segir Kenneth Fredriksen. **- óká**

Könnun Hagstofunnar:

# Jákvæð þróun á vinnumarkaði

**VINNUMARKAÐUR** **Atvinnuþátttaka í september eykst milli ára og atvinnuleysi minnkar. Þetta kemur fram í vinnumarkaðskönnun Hagstofu. Þar segir meðal annars að atvinnuþátttaka á aldursbilinu sextán ára til 67 ára sé rúm 80 prósent, þremur prósentustigum hærri en í september í fyrra.**

**Atvinnuleysi á Íslandi í september mælist fimm prósent í könnuninni. Það er einu prósentustigi lægra en í september í fyrra.**

**Atvinnuleysi var 4,3 prósent á meðal karla í september og 5,7 prósent hjá konum.** **- þj**



**SNERTIKORT** Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, kynnti snertikortið á blaðamannafundi í gær. MYND/BORGUN

Hægt að sleppa PIN-númeri:

# Fyrsti snertiposinn settur upp

**VIÐSKIPTI** Svokallaðir „snertiposar“ eru nýjung sem greiðslumiðlunarfyrirtækið Borgun kynnti í gær, en þá var settur upp fyrsti snertiposinn á Bæjarins bestu í Tryggvagötu í Reykjavík.

Snertiposi getur tekið við greiðslu frá snertikorti eða frá snjallsíma með snertitækni og er þá sleppt undirskrift eða innslætti PIN-númers.

Til að nýta sér tæknina þarf greiðslukort með snertibúnaði, eða farsíma með sérstöku „NFC“-korti. **- óká**

Sænskur maður í Noregi:

# Myrti í kjölfar forræðisdeilu

**NOREGUR** **Sænskur maður myrti fyrrverandi kærustuna sína og skildi lík hennar eftir í kofa í Noregi á sunnudag. Maðurinn hafði rænt henni og syni þeirra.**

**Maðurinn fannst á mánudag, en þá var hann eftirlýstur fyrir mannrán. Hann var sofandi í bíl sínum ásamt ellefu mánaða syninum. Föt hans voru öll í blóði. Maðurinn var handtekinn og játaði að hafa myrt konuna. Hann benti lögreglu á líkið.**

**Að sögn Aftonbladet hafði fólkið deilt um forræði yfir syninum. Konan hafði einnig kært manninn fyrir áreiti í sumar.** **- þeb**

# Kirkjan heldur ekki skrá yfir hlunnindi kirkjujarða

**Engin heildræn skráning er til á Biskupsstofu yfir aukagreiðslur til presta vegna hlunninda af kirkjujörðum. Treglega gengur að safna upplýsingum. Margt þarf að lagfæra, segir framkvæmdastjóri kirkjuráðs.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kirkjumálasjóður heldur enga skrá yfir upphæðir greiðslna vegna hlunninda sem fylgja kirkjujörðum í hans eigu.

Lóðum og jörðum í eigu kirkjunnar fylgja gjarnan nokkuð arðbær hlunnindi; laxveiðiár, æðarvarp og leigutekjur eða búmark. Sjóðurinn hefur þó enga yfirsýn yfir þær tekjur sem geta hlotist af þeim. Þá er heldur ekki til heildaryfirlit yfir skiptingar tekna á milli presta sem búa á jörðunum og kirkjumálasjóðs.

Á næsta kirkjuþingi verður lögð fram þingsályktunartillaga þar sem kirkjuráði er falið að vinna skýrslu um hlunnindi af kirkjujörðum. Einnig mun þar koma fram hver skiptingin er á greiðslum vegna þeirra á milli prests og kirkjumálasjóðs.

Höfundur frumvarpsins er Birna G. Konráðsdóttir, varamaður í kirkjuráði.

„Það er merkileg staða að eigandi kirkjujarða, kirkjumálasjóður, skuli ekki vita hvað eignir hans gefa í arð af hlunnindum,“ segir Birna. „Mig langar að vita hversu mikil hlunnindi fylgja þessum gömlu jörðum. Það eru alls konar sögur í samfélaginu í gangi og ég held að það sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort þetta sé mikið eða lítið.“

Kirkjuráð hefur falið fasteignanefnd kirkjunnar að vinna ýtarlega skýrslu um málið. Samkvæmt Bjarna Grímssyni, formanni fasteignanefndar, hefur vinnan staðið yfir í nokkra mánuði en treglega hefur gengið að fá svör frá setrunum.

„Við höfum ekki fengið mikið af upplýsingum,“ segir hann. „Það vantar verulega upp á gögn svo vinnan mun taka mun lengri tíma en áætlað var.“

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir margt þurfa að lagfæra í kerfinu er varðar skráningar kirkjujarða. Hann tekur undir orð Bjarna um að vinnan taki lengri tíma en áætlað var sökum skorts á upplýsingum frá prestunum.

„Eignarhald kirkjunnar á prestssetursjörðum hefur verið staðfest,“ segir hann. „En síðan kemur í ljós að í mörgum tilvikum hefur verið útvísað landi úr jörð, til dæmis sumarbústaðarlóð, tengifiski eða mannvirki, og við höfum ekki náð að skrásetja allar þessar spildur, lóðir og lendur sem ættu að vera skrásettar hjá okkur.“

sunna@frettabladid.is

> Það er merkileg staða að eigandi kirkjujarða, kirkjumálasjóður, skuli ekki vita hvað eignir hans gefa í arð af hlunnindum.
>
> **BIRNA G. KONRÁÐSDÓTTIR** VARAMAÐUR Í KIRKJURÁÐI

## Setnar prestssetursjarðir




1. Breiðabólstaður
2. Oddi
3. Fellsmúli
4. Hruni
5. Mosfell, Grímsnesi
6. Reynivellir
7. Saurbær
8. Reykholt
9. Stafholt
10. Borg
11. Staðastaður
12. Holt, Önundarfirði
13. Melstaður
14. Glaumbær
15. Miklibær
16. Möðruvellir
17. Syðra-Laugaland
18. Laufás
19. Skútustaðir
20. Grenjaðarstaður
21. Skinnastaður
22. Hof
23. Valþjófsstaður
24. Kolfreyjustaður
25. Heydalir

**Úr jarðalögum**

„Hlunnindi merkja í lögum þessum hvers konar auðlindir, nytjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.“

**Þjóðkirkjan á 92 hús og jarðir á landinu**

Alls eru skráðar 92 eignir á þjóðkirkjuna eins og er, en einhverjar eignir á eftir að færa til bókar. Hlunnindi sem fylgja jörðunum eru hvergi skráð hjá Biskupsstofu en verið er að vinna í að afla gagna.

| | |
|---|---|
| Prestsbústaðir | 41 |
| Setnar prestssetursjarðir | 25 |
| Aflögð prestssetur | 10 |
| Aðrar jarðir | 3 |
| Skrifstofu-/verslunar-/þjónustuhúsnæði | 7 |
| Íbúðarhúsnæði | 6 |
| **Alls:** | **92** |

HEIMILD: BISKUPSSTOFA

BÍLALEIGUBÍLL Í ÁBYRGÐ

Chevrolet Aveo
árgerð 2011 - söluverð: 1.490 þús.
**Tilboð: 1.290 þús.**



**Afborgun á mánuði aðeins:**
**21.049 kr.**

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. **Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is**

**Chevrolet Aveo - 2011**

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.490.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.100.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 200.000 kr. |
| **Þín útborgun:** | **190.000 kr.** |
| **Heildarverð til þín:** | **1.290.000 kr.** |

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum






**illy espresso meðalristað**
Jafnvægi á milli styrks og mýktar einkennir þessa gæðablöndu öðru fremur. Einnig skýr keimur af súkkulaði, ristuðu brauði, karamellu og blómum.



**illy espresso dökkristað**
Kraftmikil og ljómandi blanda með góðri fyllingu. Súkkulaðiangan með keim af ristuðu brauði og karamellu.



**illy espresso koffínlaust**
Bragð og angan meðalristuðu blöndunnar - en án koffíns.



**illy langur espresso**
Í „löngum" espresso fá eiginleikar miðlungsristuðu kaffiblöndunnar að njóta sín til fulls. Með kaffihylkjunum er hægt að búa til meira magn af kaffi en í klassískum espresso án þess að það komi niður á fyllingu og froðu.

# VERTU ÞINN EIGIN KAFFIBARÞJÓNN

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta sopa.

Vélarnar fást í Byggt og búið Kringlunni, Epal Skeifunni, Heimilistækjum Suðurlandsbraut, Hjá Jóa Fel Garðabæ og Holtagörðum, Púkó & smart Laugavegi, Líf og list Smáralind og Kokku Laugavegi. Kaffið í vélarnar fæst einnig í verslunum Hagkaups, Krónunnar, Nóatúns og í Fjarðarkaupum Hafnarfirði.






ARTE E SCIENZA DELL'ESPRESSO

## NÝ VARA



**illy Monoarabica Brazil**
Þéttur keimur en flauelsmjúk áferð. Kröftugir súkkulaðitónar sem vekja upp hlýjar tilfinningar. Veisla fyrir skynfærin.



**illy Monoarabica Ethiopia**
Sætt en með léttu beisku bragði. Hógvær freisting með ávaxtakenndum sítrus- og jasmíntónum sem gefa létta en fágaða fyllingu.



**illy Monoarabica Guatemala**
Skarpt en jafnframt sætt bragð. Áberandi súkkulaðitónar ásamt sítrus, hunangi og karamellu.



**MARKETTIR Á GRASKERI** Í dýragarði í Leipzig í Þýskalandi fengu markettir þetta grasker, fyllt kræsingum, til að gæða sér á og leika sér að. NORDICPHOTOS/AFP

Kúbustjórn liðkar ferðaheimildir en áskilur sér áfram rétt til að verjast ásásargirni Bandaríkjanna:

# Mikilvægt fólk fær ekki að fara frá Kúbu

**KÚBA** Íbúar á Kúbu geta brátt ferðast úr landi án þess að þurfa að fá sérstaka brottfararheimild frá stjórnvöldum og greiða fyrir háa upphæð. Kúbustjórn tilkynnti um þetta í ríkisdagblaðinu Granma og sagði nýja fyrirkomulagið taka gildi 14. janúar.

Þá fá þeir sem fara úr landi heimild til að dvelja í tvö ár í útlandinu, en áður höfðu þeir ellefu mánaða frest til að snúa aftur áður en þeir yrðu sviptir ríkisborgararétti á Kúbu.

Þá var einnig skýrt frá því að ríkið áskildi sér áfram rétt til þess að „verja sig gegn íhlutunar- og niðurrifsáformum Bandaríkjastjórnar og bandamanna hennar. Af þeim sökum verða áfram í gildi þær ráðstafanir sem miða að því að vernda þann mannauð sem byltingin skapaði gegn hæfileikaþjófnaði voldugra ríkja.“

Þarna er átt við reglur um að læknar, vísindamenn, hermenn og aðrir sem teljast sérlega mikilvægir einstaklingar í samfélaginu fái ekki fararleyfi, þrátt fyrir nýju reglurnar.

Breytingarnar eru sagðar gerðar til þess að koma betur til móts við Kúbumenn, sem fluttir eru af landi brott. Um milljón Kúbumenn búa í Bandaríkjunum og nokkur hundruð þúsund í Evrópuríkjum. - gb



**BRÆÐURNIR FIDEL OG RAUL CASTRO** Kúbumönnum verður gert auðveldara að heimsækja ættingja og vini erlendis. NORDICPHOTOS/AFP


Konur til áhrifa

Haustþing Landssambands sjálfstæðiskvenna, laugardaginn 20. október á Nauthóli, Nauthólsvegi 106, 101 Reykjavík

Dagskrá

10.30 Afhending gagna og skráning

11.00 Framsöguerindi

*Femínísk hugvekja í upphafi þings*

**Jarþrúður Ásmundsdóttir**, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna

*Komum uppskerunni í hús*

**Ólöf Nordal**, varaformaður Sjálfstæðisflokksins

*Korter í kosningar*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, þingkona

*Verum breytingin sem við boðum*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, oddviti borgarstjórnarflokksins

12.15 Hádegisverður

12.45 Drög að ályktun kynnt

13.00 Örnámskeið

*Í kastljósinu*

**Elín Hirst**, fjölmiðlakona

*Hraðtengsl*

**Þórhildur Birgisdóttir**, M.A. í alþjóðaviðskiptum

*Mínútukynningar*

**Lára Óskarsdóttir**, markþjálfi

15.00 Konur undir áhrifum - Kokteill

Þinggjöld: 3.900 kr. Skráning og greiðsla þinggjalda á www.xd.is/haustfundur

Fundarstjóri verður Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn









**LEIÐTOGAR Á FUNDI** Angela Merkel og François Hollande á tali við Martin Schulz, forseta Evrópuþingsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Hollande og Merkel greinir á um leiðir

**Merkel vill stórefla eftirlit ESB með fjárlagagerð aðildarríkjanna, en Hollande vill hraða stofnun bankabandalags með sameiginlegu bankaeftirliti.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Ágreiningur milli Angelu Merkel Þýskalandskanslara og François Hollande Frakklandsforseta setur svip sinn á tveggja daga leiðtogafund Evrópusambandsins, sem hófst í Brussel í gær.

Eins og á undanförnum leiðtogafundum snýst ágreiningurinn um það hvaða leiðir eigi að fara til að styrkja evrusvæðið og koma í veg fyrir alvarlega skuldakreppu í framtíðinni.

Merkel sagðist fyrir fundinn ekki sjá neina ástæðu til að taka stórar ákvarðanir á þessum fundi. Hún vill stefna að því að eftirlit Evrópusambandsins með fjárlagagerð aðildarríkjanna verði stóreflt, þannig að stjórnvöld í Brussel fái jafnvel neitunarvald standist fjárlög einstakra aðildarríkja ekki kröfur bandalagsins.

Hollande vildi hins vegar hraða stofnun bankabandalags evruríkjanna með sameiginlegu bankaeftirliti og taldi ekkert standa í vegi fyrir því að þessu gæti orðið fyrir árslok.

„Eina ákvörðunin sem við þurfum að taka, eða staðfesta, er að koma á fót bankabandalagi fyrir árslok,“ sagði hann. „Fyrsta skrefið er bankaeftirlit.“

Merkel stóð hins vegar fast á því að mikilvægara sé að tryggja gæðin en að hraða ákvörðunum um bankaeftirlitið: „Það er mikið af afar flóknum lagalegum álitamálum, og ég er ekki að gera málið erfiðara en það er,“ sagði hún.

> Eina ákvörðunin sem við þurfum að taka, eða staðfesta, er að koma á fót bankabandalagi fyrir árslok.
>
> **FRANÇOIS HOLLANDE** FORSETI FRAKKLANDS

Meðan leiðtogarnir sátu á fundum í Brussel logaði allt í mótmælum á götum Grikklands, þar sem ríkisstjórnarflokkarnir eru enn að reyna að koma sér saman um stórfelldan viðbótarniðurskurð á fjárlögum.

Reikna má með því að brotthvarf Grikklands af evrusvæðinu muni kosta önnur ríki, fyrirtæki og fjárfesta allt að 198 milljarða evra í beinu tapi vegna glataðra skuldabréfa.

Þetta er mat þýsku Bertelsmann-stofnunarinnar, sem telur að þessi kostnaður yrði í sjálfu sér vel viðráðanlegur. Fari hins vegar svo að Portúgal, Spánn og Ítalía fylgi í kjölfarið yrði heildarkostnaður heimsbyggðarinnar vegna samdráttar í heimsframleiðslunni á næstu árum allt að 17.200 milljarðar evra, eða nærri 2.800.000 milljarðar króna.

gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

NÝTT KORTA TÍMABIL

## LAMBASÚPUKJÖT
BLANDAÐ



GOÐI

**797**
ÁÐUR 896 KR/KG

# HAUSTIÐ ER KÓSÍ

### KALKÚNALEGGIR
LAUSFRYSTIR

30% AFSLÁTTUR



**489**
ÁÐUR 698 KR/KG

### KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ



**1.790**
ÁÐUR 2.295 KR/KG

### COOL MIX FROSTPINNAR
10 STK/PK
615 G




**598** KR/PK

### MANGÓ



50% AFSLÁTTUR

**218**
ÁÐUR 436 KR/KG

### LÝSISPERLUR
100 STK.



50% AFSLÁTTUR

**245**
ÁÐUR 489 KR/PK

### SNÚÐAR EÐA KANILSNÚÐAR
BAKAÐ Á STAÐNUM*

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI



50% AFSLÁTTUR

**99**
ÁÐUR 198 KR/STK

**Tilboðin gilda 18. - 21. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

BIG
Bandalag íslenskra græðara

Máttur hins milda

Dagur græðara 2012

Laugardaginn 20. október 2012 kl. 9-18
Í Veislusal Rúgbrauðsgerðar að Borgartúni 6

Ráðstefnugjald: 4.000 kr. Kaffi og te innifalið
Aðildarfélagar BÍG, öryrkjar, eldri borgarar: 3.000 kr.

Allir velkomnir



**Á BEIT** Á Egilsstaðabýlinu greindust 33 af 69 kúm með mótefni sem bendir til sýkingar, en dýrin hafa ekki sýnt nein sjúkdómseinkenni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Reyna greiningu á kúaveiru á Keldum

**Sýnataka staðfestir að smitandi barkabólga er staðbundin á einu búi á Austurlandi. Á Keldum er reynt að rækta veiruna til frekari greiningar. Notuð er ný öryggisrannsóknastofa til þess verks. Öllum jákvæðum gripum verður fargað.**

**LANDBÚNAÐUR** Sýni sem tekin voru á 40 kúabúum á Austurlandi vegna smitandi barkabólgu voru öll neikvæð að undanskildu endurteknu sýni á Egilsstaðabúinu, þar sem sýkingin greindist upphaflega, og úr einum grip á bænum Fljótsbakka sem einnig er á Fljótsdalshéraði. Gripurinn var gefinn frá Egilsstaðabúinu í febrúar. Eðli sýkingarinnar, eða stofn veirunnar, liggur ekki fyrir enn en á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum er unnið að því að rækta veiruna til greiningar.

Sýnatakan á öllum kúabúum á Austurlandi var gerð samkvæmt fyrirmælum frá Matvælastofnun en niðurstöður bárust á þriðjudag. Jafnframt bárust niðurstöður rannsókna á stroksýnum úr jákvæðum gripum á Egilsstaðabúinu, sem send voru til rannsóknar erlendis. Ekki tókst að einangra veiruna úr sýnunum, og því liggur eðli sýkingarinnar ekki fyrir nákvæmlega.

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum er verið að ganga frá sýnum frá öllum öðrum kúabúum á landinu og senda til rannsóknar í Svíþjóð, en Landssamband kúabænda hafði forgöngu um að öll bú hér á landi yrðu rannsökuð. Niðurstaðna þeirra rannsókna er að vænta í næstu viku.

## Smitandi barkabólga – forsaga málsins

- Mótefni gegn veiru, sem veldur smitandi barkabólgu/fósturláti í kúm, greindust á kúabúi á Austurlandi í byrjun október við árlega skimun Matvælastofnunar á mjólkursýnum.
- Sýnin voru tekin á búum um allt land sem valin eru samkvæmt tilviljunarkenndu úrtaki. Engra sjúkdómseinkenna hefur orðið vart enda geta skepnur í sumum tilfellum borið veiruna án einkenna.
- Smitandi barkabólgu/fósturláti veldur herpesveira sem ekki hefur greinst áður á Íslandi.
- Veiran smitast aðallega með með líkamsvessum, t.d. munnvatni og sæði, en heldur ekki lengi smithæfni utan hýsils.
- Frá árinu 2007 hafa árlega verið tekin sýni frá um áttatíu búum á ári til rannsókna á nokkrum alvarlegum smitsjúkdómum, þar á meðal smitandi barkabólgu, en öll sýni hafa hingað til verið neikvæð.

Á Keldum er einnig verið að gera tilraun til að rækta veiruna til frekari greiningar. Þar sem sjúkdómurinn hefur ekki greinst áður á Íslandi er unnið að rannsóknunum í nýrri öryggisrannsóknastofu Tilraunastöðvarinnar.

Auður Lilja Arnþórsdóttir, sóttvarnadýralæknir á Matvælastofnun, segir að tilgangur allra þessara rannsókna sé að varpa skýrara ljósi á málið, en á grundvelli niðurstaðna þeirra verður tekin endanleg ákvörðun um aðgerðir. Hún segir að niðurstöður sýnatöku til þessa bendi eindregið til þess að sýkingin sé einangruð við Egilsstaðabúið, en dýrið sem greindist á Fljótsbakka byggi undir það. Eins að jákvætt sé að sýni úr mjólkurtanki á Fljótsbakka hafi verið neikvætt sem gefi von um að aðrir gripir á búinu séu ekki smitaðir. Blóðsýni verða hins vegar tekin af öllum gripum á Fljótsbakka til að ganga úr skugga um það.

Auður Lilja staðfestir að ákvörðun hefur verið tekin um að öllum jákvæðum gripum verður fargað á býlunum tveim og hræ nýtt við greiningu á sýkinni. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort öðrum gripum á Egilsstaðabýlinu verði fargað.

svavar@frettabladid.is

MÓTMÆLUM VEGI UM GÁLGAHRAUN
Undirskriftalisti á www.alftanesvegur.is





© Birting myndarinnar er með leyfi ættingja Kjarvals

- Eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum.
- Gálgahraun er á náttúruminjaskrá.
- Í Gálgahrauni málaði Kjarval mörg sín þekktustu verk.
- Gálgahraun tengist sögu Bessastaða frá landnámi.
- Umhverfismat nýs Álftanesvegar er fallið úr gildi.
- Gálgahraun er einstök útivistarparadís - Henni má ekki spilla.

Hraunavinir - www.hraunavinir.net
Verndum Gálgahraun

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan

Frelsi til að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# KRÓNAN

**Tilboð gilda aðeins í Lindum**

# LINDAR DAGAR




Föstudag - sunnudags



30% afsláttur

**499 kr. kg**

Verð áður ~~698~~ kr. kg
Grillborgarar með brauði, 4 stk. í pk.




44% afsláttur

**898 kr. kg**

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Bautabúrs Bæjonneskinka

# 99 kr. MARKAÐUR




2 fyrir 99 kr.

Mountain Dew og Mix, 33 cl

**Úrval af mat, heimilis- og smávörum – eins og t.d. þessar!**

AÐEINS Í LINDUM
– meðan birgðir endast!




99 kr.

Verð áður ~~398~~ kr. pk.
Toffifee, 15 stk. í pk.




99 kr.

Verð áður ~~369~~ kr. stk.
Vel uppþv.lögur, 500 ml




99 kr.

Verð áður ~~499~~ kr. stk.
Pantene sjampó, 200 ml




99 kr.

Verð áður ~~159~~ kr. stk.
Don Simon ávaxtasafi, 1 l

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**KRÓNAN LINDUM**

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!

# Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að stjórnarskrá

5. og 6. spurning

## 5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?

### Já



## Íris Lind Sæmundsdóttir

**lögfræðingur og fulltrúi í stjórnlagaráði**

Í lýðræðissamfélagi er það grundvallarréttur að fá að kjósa og hafa þannig með atkvæði sínu möguleika til að hafa áhrif á hverjir komist til valda. Þjóðfundur var sammála en umræða um jafnan atkvæðisrétt kom oft upp í tengslum við umræður um jafnréttismál, jöfnuð og réttlæti. Þetta helst í hendur við sjónarmið um jafnrétti enda felst í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu að við skulum öll vera jöfn fyrir lögum.

Núverandi fyrirkomulag brýtur í bága við jafnræðisregluna með því að hygla kjósendum úti á landi. Kosningarétturinn á að vera óháður búsetu eða öðrum félagslegum breytum og rök eins og að leiðrétta verði skertara aðgengi að stjórnsýslunni standast ekki á tímum greiðra samgangna og upplýsingatækni. Ég fæ ekki séð að aðgengi kjósanda í Breiðholti að stjórnsýslunni sé meira en kjósanda á Akranesi en atkvæði þess síðarnefnda vegur tvöfalt á við þann fyrrnefnda. Rannsóknir sýna að misvægi atkvæða hafi ekki leitt til þess að landsbyggðin njóti góðs af. Meintan aðstöðumun milli landshluta á að leiðrétta með mótvægisaðgerðum en ekki með því að brjóta á rétti kjósenda til að hafa jöfn áhrif með tilvísun í óhaldbær rök.

Það er tímabært að tryggja að atkvæðavægi á Íslandi sé jafnt. Það vottar skýrsla ÖSE um alþingiskosningarnar 2009 en stofnunin gerði á dögunum athugasemdir við misvægið hérlendis. Í skýrslunni var bent á að misvægið væri gríðarlega mikið og að aðgerðir sem gripið væri til til að vega upp á móti því væru ófullnægjandi. Þá beinir ÖSE því til íslenskra stjórnvalda að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð með það að markmiði að fullnægja kröfunni um jafnan atkvæðisrétt. Tillögur stjórnlagaráðs eru í takt við þetta enda þannig komið til móts við sjónarmið um jafnræði og réttlæti. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það þess vegna sem ég vil að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt og mun ég því segja já við spurningu nr. 5.

### Nei



## Reimar Pétursson

**hæstaréttarlögmaður**

Þessi spurning er blekkjandi einföld. Útilokað er að svara henni án þess að fyrir liggi hvernig eigi að ná jöfnu vægi atkvæða og svo viðhalda því.

Einungis ein leið getur skilað jöfnu vægi atkvæða eftir búsetu: eitt kjördæmi. Henni fylgir hins vegar sá galli að samband stjórnmálamanna við kjósendur minnkar. Sá stjórnmálamaður á mesta möguleika sem kemur skilaboðum sínum til sem flestra kjósenda á sem skemmstum tíma.

Stjórnmálamenn með góðan aðgang að fjölmiðlum eru því líklegastir til árangurs. Samband við fjölmiðla skiptir þannig meira máli en samband við einstaka kjósendur. Gott fyrir fjölmiðla; slæmt fyrir kjósendur.

Unnt er að bregðast við þessu með því að tengja þingmenn ákveðnu landsvæði, „kjördæmi“. Þetta bætir samband stjórnmálamanna við kjósendur og unnt er að ákveða kjördæmamörk þannig að vægi atkvæða sé jafnt.

Búferlaflutningar leiða hins vegar til þess að vægi atkvæða eykst í kjördæmum sem fólk flytur frá en minnkar í kjördæmum sem fólk flytur til. Fólk flytur þrátt fyrir þetta minnkaða atkvæðavægi. Það metur því sýnilega óhagræðið af minnkuðu vægi atkvæða ásættanlegt með hliðsjón af öðrum ávinningi.

Verði tillögur stjórnlagaráðs samþykktar getur einfaldur meirihluti Alþingis ákveðið að landið verði eitt kjördæmi. Þá getur einfaldur meirihluti Alþingis skilgreint kjördæmi, en sú heimild takmarkast hins vegar við að úthluta 30 þingsætum af 63 til kjördæma. Eftir að Alþingi hefur ákveðið þetta í fyrsta skipti þyrfti 2/3 hluta atkvæða á Alþingi til að gera breytingar síðar.

Óvíst er hvernig Alþingi mun fara með þetta vald sitt. Þeir sem samþykkja tillögur stjórnlagaráðs vita því ekki hvað þeir kjósa. Þó virðist óhjákvæmilegt að samband þingmanna við kjósendur versni. Stjórnmálamenn á höfuðborgarsvæðinu í góðum tengslum við fjölmiðla munu því standa best að vígi.

Ef Alþingi nýtir svo heimildir sínar til að skilgreina kjördæmi getur komið upp vandi. Smám saman myndi vægi atkvæða í þeim kjördæmum sem fólk flytur frá aukast. Þá myndi reyna á ákvæði í tillögum stjórnlagaráðs þar sem segir að „atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt“. Dómstólar myndu þá mögulega dæma kjördæmaskipunina ógilda. Ef svo færi væri þingið í vanda. Ný kjördæmamörk yrði að ákvarða með samþykki 2/3 hluta þingmanna. Óvíst er hvort slík samstaða næðist. Af þessum sökum myndu dómstólar mögulega forðast að dæma kjördæmaskipun ógilda. Ef sú yrði reyndin væri ákvæðið í tillögunum um að „atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt“ orðið merkingarlaust.

Óvissan um öll þessi atriði er óásættanleg. Þá er ósanngjarnt að stjórnmálamenn á höfuðborgarsvæðinu fái forskot á starfsbræður sína úti á landi. Af þessum ástæðum – og reyndar mörgum öðrum – verður að svara spurningunni um tillögur stjórnlagaráðs í heild sinni neitandi.

Þá er merkingarlaust að tala um „jafnt vægi atkvæða“ eitt og sér. Til að unnt sé að ræða um „jafnt vægi atkvæða“ verður að liggja fyrir hvernig ætlunin er að ná því og viðhalda. Spurningin um að „í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt“ er því markleysa.

## 6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?

### Já



## Vilhjálmur Þorsteinsson

**fjárfestir og fulltrúi í stjórnlagaráði**

Með jái er beint lýðræði eflt og aðhald með Alþingi aukið.

Núgildandi stjórnarskrá gerir aðeins ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem forseti Íslands synjar staðfestingar, sbr. 26. gr. (Þó þarf alltaf að bera lög um breytta kirkjuskipan ríkisins undir þjóðaratkvæði, sbr. 79. gr., og það er óbreytt í tillögu stjórnlagaráðs.)

Alþingi getur ákveðið að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mál, eins og núna á laugardaginn, en núgildandi stjórnarskrá heimilar ekki að slík atkvæðagreiðsla sé bindandi. Það er því ákvörðun forsetans eins hvort þjóðin verði spurð um lög með bindandi hætti. Engar takmarkanir er að finna í stjórnarskránni á þessu persónulega valdi forsetans, né leiðbeiningar um hvenær því skuli beitt. Það veitir því kjósendum fremur ótryggan aðgang að beinu lýðræði, eftir efnum, ástæðum og því hver gegnir embætti forseta.

Í tillögu stjórnlagaráðs er að finna tvær leiðir til að koma málum til þjóðaratkvæðis. Í fyrsta lagi geta 10% kjósenda á kjörskrá krafist þess að lögum, sem Alþingi hefur samþykkt, verði vísað til þjóðarinnar. Atbeini forseta er þá ekki lengur nauðsynlegur. Í öðru lagi geta 10% kjósenda lagt lagafrumvarp fyrir Alþingi. Þingið getur þá samþykkt frumvarpið eða skotið því til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef til vill ásamt eigin gagntillögu. Alþingi ræður því hvort sú atkvæðagreiðsla verði bindandi eða ráðgefandi. Þessi síðari leið er að svissneskri fyrirmynd.

Í spurningunni er notað orðalagið „tiltekið hlutfall“ kjósenda. Alþingi mun ákveða hvaða hlutfallstala sé hyggilegust, áðurnefnd 10%, 15% eða einhver önnur.

Samkvæmt tillögu stjórnlagaráðs geta kjósendur hvorki krafist atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum sem ríkið hefur áður undirgengist með samningum, né um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þessar undantekningar eru m.a. að danskri fyrirmynd. Málskotsréttur forseta helst hins vegar efnislega óbreyttur og óskilyrtur, og er hugsaður sem varnagli í ýtrustu undantekningartilvikum.

### Nei



## Sigríður Andersen

**héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins**

Þessi spurning er í besta falli ómarkviss, rétt eins og hinar spurningarnar sem lagðar verða fyrir kjósendur. Hvað er þjóðaratkvæðagreiðsla? Er þeim ekki ætlað að útkljá mál? Nú hefur hins vegar skotið upp kollinum fyrirbæri sem kallað hefur verið „ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla“ og er einmitt það sem fer fram á laugardaginn eftir því sem segir í ályktun alþingis. Tvennum sögum fer þó af vægi þessarar atkvæðagreiðslu. Formaður stjórnskipunarnefndar Alþingis, sem stóð að þingsályktunartillögunni um þessa ráðgefandi kosningu, hefur nú lýst því yfir að kosningin sé í raun ekki meira ráðgefandi en svo að ekki sé hægt að búast við því að Alþingi geri efnislegar breytingar á drögum stjórnlagaráðs verði niðurstaðan á laugardaginn sú að meirihluti kjósenda „segi já“ við fyrstu spurningunni. Það er hins vegar munur á bindandi kosningu og ráðgefandi. Og af því að spurning 6 er óljós um eðli þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem spurt er um eru menn ekki í aðstöðu til að svara henni nema þá helst neitandi.

Ráðgefandi kosning er skoðanakönnun og fráleitt er að setja ákvæði í stjórnarskrá um þær. Stjórnvöld geta eins og aðrir látið framkvæma þær með minni tilkostnaði og marktækari niðurstöðu en atkvæðagreiðslu takmarkaðs hóps áhugasamra um tiltekið efni. Ef setja ætti ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslu ætti það að lúta að bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og jafnvel aðeins að virka sem hemill á lög Alþingis, rétt eins og er í dag. En hver væri tilgangurinn með slíku ákvæði? Fulltrúalýðræðið sem við búum við í dag er ekki gallalaust, en þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök mál, fremur en almenna stefnu, eru haldnar sömu göllum. Hagsmunahópar beita áhrifum sínum í einstökum málum og hafa gjarnan sitt fram á afmörkuðum sviðum. Segir það eitthvað um hinn svokallaða þjóðarvilja? Og af hverju eru mikilvæg mál eins og fjármál ríkisins og þjóðréttarskuldbindingar undanskilin í ákvæði stjórnlagaráðs um þjóðaratkvæðagreiðslur? Nefna má að lögin um Icesave-samningana, sem lutu að meintum þjóðréttarskuldbindingum, væru undanskilin þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein.




# Jafnt atkvæðavægi og ákvæði um persónukjör

**Kjósendur fá að segja hug sinn til þess á morgun hvort atkvæði eigi að vega jafnt alls staðar af landinu. Þá fá þeir einnig að taka afstöðu til þess hvort tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál.**

Gróflega má segja að vægi atkvæðis á landsbyggðinni sé tvöfalt á við það sem það er á höfuðborgarsvæðinu.

Gerðar hafa verið breytingar á stjórnarskránni til að minnka þennan mun, en enn þá er hann fyrir hendi. Drög stjórnlagaráðs eru skýr hvað þetta varðar en í þeim segir: „Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.“

Engin ákvæði eru um persónukjör í núgildandi stjórnarskrá. Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, frá árinu 2000, er kjósendum heimilt að strika út nöfn frambjóðenda á þeim lista sem hann kýs.

Um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu er að ræða og verður það stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis að vinna úr niðurstöðunum. Á kjörseðlinum eru eftirfarandi upplýsingar um ferlið:

*Stjórnarskrá er breytt þannig að frumvarp er lagt fram á Alþingi. Það er rætt við þrjár umræður og getur tekið breytingum í meðförum þingsins. Verði frumvarpið samþykkt skal rjúfa Alþingi og kjósa nýtt þing. Frumvarpið er þá lagt fram að nýju og samþykki Alþingi það óbreytt taka breytingarnar gildi að fenginni staðfestingu forseta. Stjórnlagaráð hefur skilað Alþingi tillögum að frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Verði það lagt fram sem frumvarp á Alþingi fer það þá meðferð sem lýst hefur verið.*

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



# Parket og gólfefnadagar í BAUHAUS...
# ...og þú gætir fundið draumaparketið





**LOGOCLIC**

**EDITION HNOTA PLASTPARKET**
Þykkt 8 mm. Plankastærð 192 x 1285 mm. Verð pr. m².

**1.995,-**

**LOGOCLIC**

**XPS PARKET UNDIRLAG**
2,2 cm á þykkt. Breidd 1,1 m.
Rúllan er 16,5 m².
Verð pr. rúlla: **2.795,-**
Verð pr. m² 169,-

Room of your Dreams

**PARADOR**

**PARKETT AKTION EIK RÚSTÍK**
Eik 3ja stafa. Þykkt 13 mm.
Plankastærð 185 x 220 m.
verð pr. m2

**2.995,-**

Room of your Dreams

**PARADOR**

**PARKET TRENDTIME 4**
Þykkt 13 mm. Plankastærð 160 x 2010 mm. Burstuð og lökkuð eik. Verð pr. m².

**7.995,-**

Á laugardaginn og sunnudaginn frá 11:00 - 15:00 verður kynning í gólfefnadeild BAUHAUS...
Þar munu starfsmenn okkar fræða viðskiptavini um mismunandi tegundir af gólfefnum og parket undirlagi, sem gæti hentað þeim og hvaða þýðingu það hefur að velja rétta efnið. Viðskiptavinum gefst kostur að prófa sjálfir og finna hversu auðvelt er að leggja nýtísku smelluparket, ásamt því að fá góð ráð og leiðbeiningar um það hvernig best er að sníða parketið.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 18. október til og með sunnudagsins 21. október 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL










SIMTOM
MANGÓ
CHUTNEY




SIMTOM
TIKKA MASALA
BUTTER MASALA




SIMTOM CHUTNEY
ÝMSAR TEGUNDIR
FÆST Í SKEIFU, KRINGLU,
SMÁRALIND OG GARÐABÆ




GEETA´S
PREMIUM MANGÓ
CHUTNEY

Búið til úr ferskum
mangó. Vinsælasta varan
frá Geeta´s Premium. Án
allra viðbættra aukaefna
og glútenlaust




HEIMA
SÓSUR

HEIMA
NAAN BRAUÐ



LAMBAPRIME
2729KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3898.-

# LAMBAPRIME MEÐ INDVERSKU ÍVAFI fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 msk cumin fræ
2 msk kóríanderfræ
1 tsk paprikukrydd
1/2 tsk cayenne krydd
800 g lamba prime
1 msk cumin fræ
2 msk kóríanderfræ
1 tsk paprikukrydd
sjávarsalt og nýmalaður pipar
1 rauðlaukur, sneiddur
2 skalottlaukar, sneiddir
1 eggaldin, skorinn í litla bita og saltað
1 tsk garam masala
150 g forsoðnar kjúklingabaunir
4 plómutómatar, fræhreinsaðir og skornir í litla bita

Hitið ofninn í 180°C. Þurristið cumin- og kóríanderfræin á meðalheitri pönnu. Merjið kryddin, best er að mylja kryddin í morteli. Blandið paprikukryddi og cayenne saman við. Þerrið kjötið og veltið því upp úr kryddblöndunni. Steikið kjötið í 2 mínútur á hvorri hlið og setjið það inn í ofn í 15 mínútur. Kryddið kjötið með salti og pipar og látið það standa í 5-7 mínútur áður en það er borið fram. Steikið laukana upp úr olíu þar til að þeir eru orðnir mjúkir í gegn, bætið þá eggaldininu saman við og steikið í 5 mínútur. Kryddið með garam masala og salti. Bætið kjúklingabaununum út í og steikið í nokkrar mínútur. Setjið tómatana saman við 2-3 mínútum áður en að rétturinn er borinn fram. Gott er að bera réttinn fram með Raita sósu. í henni er 1 dós af sýrðum rjóma, 2 pressuð hvítlauksrif, salt og fínskornar gúrkusneiðar.

Gildir til 21. október á meðan birgðir endast.



**KJÚKLINGA-BRINGUR**
**2099KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 2998.-

# Butter Chicken fyrir 4
*að hætti Rikku*

**Marínering:**
800 g kjúklingabringur, skornar í bita
150 g grískt jógúrt
safi og rifinn börkur af 1 sítrónu
2 hvítlauksrif, pressuð
1 msk garam masala krydd
1 tsk rifinn ferskur engifer
1 msk papríka
1 tsk cumin fræ
1 tsk kóríander krydd
1/2 tsk þurrkaðar eldpiparflögur

**Sósa:**
olía til steikingar
1 laukur, sneiddur
1 kanilstöng
1/4 tsk negull
1 dós hakkaðir tómatar
2 msk tómatþykkni
1 msk hunang
1 tsk turmerik
2 msk smjör
100 ml rjómi
sjávarsalt og nýmalaður pipar, eftir smekk

Hrærið gríska jógúrtinu ásamt kryddunum, hvítlauknum og engiferinu saman í skál. Blandið kjúklingnum saman við og látið standa í a.m.k 30 mínútur. Enn betra er að láta kjúklinginn standa inn í ísskáp yfir nótt. Steikið laukinn í potti upp úr olíunni þar til að hann verður mjúkur í gegn. Hellið þá kjúklingnum og því sem er í skálinni út í pottinn og steikið í 7-8 mínútur. Bætið þá kanil, negul, tómötum, tómatþykkni, hunangi og turmerik út í og látið malla í 15 mínútur. Bætið þá smjöri og rjóma saman við og látið malla áfram í 10-15 mínútur. Kryddið með salti og pipar eftir smekk og berið fram með hrísgrjónum og naan brauði.

**Naan brauð**
250 g hveiti
3/4 tsk lyftiduft
3/4 tsk matarsódi
1 tsk sykur
3/4 tsk salt
1 tsk olía
120 ml AB mjólk
100 ml volg mjólk
2 msk bráðið smjör
sjávarsalt

Blandið öllu hráefninu saman fyrir utan smjörið og hnoðið vel saman í hrærivél eða höndunum. Setjið deigið í skál, leggjið viskustykki yfir og látið hvíla í 2 klst. Stráið deigi á borðflöt og skiptið deiginu upp í 6-8 kúlur. Fletjið þær út og penslið með vatni. Steikið brauðið á meðalheitri pönnu í u.þ.b 1-2 mínútur á hvorri hlið. Penslið brauðið með smjöri og stráið salt yfir.



**KJÚKLINGALEGGIR**
TANDORI / INDVERSKIR
**699KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 998.-




**LAMBAFILLET**
MANGÓ CHUTNEY
**3838KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4798.-




**GRÍSASTRIMLAR**
**1398KR/KG**







PATAK´S
SÓSUR OG PASTE



PATAK´S
NAAN BRAUÐ
OG PAPPADUMS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Svarið við fyrstu spurningunni skiptir sköpum:

# Áfram eða aftur á byrjunarreit

Frá stofnun lýðveldisins hefur endurskoðun stjórnarskrár verið á dagskrá. Ekki stóð enda annað til en að stjórnarskráin sem samþykkt var með miklum einhug samfara því að gengið var til atkvæða um stofnun lýðveldisins væri til bráðabirgða. Um það vitna fjöldamörg ummæli stjórnmálamanna úr öllum flokkum eins og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur dregið rækilega fram.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is


Endurskoðun stjórnarskrár hefur sannarlega verið misofarlega á dagskrá eftir tímabilum en þrátt fyrir að stjórnarskránni hafi vissulega verið breytt lítillega, meðal annars með því að bæta í hana mannréttindakafla, þá er hún sú sama og lagt var upp með til bráðabirgða á sínum tíma.

Hvert þing á fætur öðru hefur skipað nefndir sem hafa haft það verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Vinnu þeirra hefur á stundum miðað vel en aldrei hefur þó tekist að ljúka störfum slíkrar nefndar með nýju stjórnarskrárfrumvarpi.

Sú aðferð að efna með kosningu til þings almennra borgara sem hefði með höndum að skrifa drög að stjórnarskrá var ekki bara frumleg og áhugaverð, hún var líka afar lýðræðisleg, merk lýðræðisleg tilraun. Það breytir því þó ekki að það er alltaf hlutverk Alþingis að setja stjórnarskrá.

Á morgun verður kosið um sex spurningar sem grundvöllur áframhaldandi vinnu við stjórnarskrá verður byggður á. Fyrsta spurningin er almennari en hinar en þar er spurt hvort leggja eigi tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Spurningarnar sem á eftir koma snúa að tilteknum áhersluatriðum stjórnarskrárdraganna.

Þessi uppsetning sýnir svo ekki verður um villst að já við fyrstu spurningunni getur aldrei merkt já við því að tillögur stjórnlagaráðs verði óbreyttar, eða lítt breyttar, ný stjórnarskrá, eins og sumir hafa haldið fram. Ef svo væri þyrfti ekki að spyrja spurninganna sem á eftir koma.

Já við fyrstu spurningunni þýðir já við því að vinna við nýja stjórnarskrá haldi áfram frá þeim stað sem hún er komin á með vinnu stjórnlagaráðs. Nei við þeirri spurningu þýðir ósk um það að ferlið verði stöðvað.

Forsætisráðherra sagði vissulega í þinginu í gær að niðurstaða kosninganna um efnisspurningarnar fimm gæti orðið til þess að breytingar yrðu gerðar á einstökum atriðum núverandi stjórnarskrár þrátt fyrir að meirihluti segði nei við fyrstu spurningunni. Slíkar breytingar yrðu þó ekki nema bútasaumur á plaggi sem sett var til bráðabirgða fyrir nærri sjötíu árum.

Nei við fyrstu spurningunni þýðir að stjórnarskrármálið er sent aftur á upphafsreit, eða aftur fyrir upphafsreit; vinna stjórnlagaráðs sett til hliðar og endursamning nýrrar stjórnarskrár send inn í óráðna framtíð og að öllum líkindum í sama eða svipaðan farveg og verið hefur mörg undanfarin ár.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Haustdagar í Gullúrinu Mjóddinni

Dagana 17. til 27. október

15 - 45%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



GULL – STÁL – PERLUR – DEMANTAR
FESTINA – TISSOT – DKNY – CALYPSO – CASIO

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Össur í nýju starfi?

Björn Bjarnason er ekki hrifinn af Össuri Skarphéðinssyni. Skrif hans á Eyjuna kallar hann furðuskrif og segir þau einkennast af sjálfshóli. Svo einkennandi sé sjálfshólið að Björn þekki skrif Össurar um sjálfan sig, þó nafnlaus séu. Þar vísar hann í pistil sem birtist á Kaffistofu Pressunnar, en þar var Össuri hælt, spáð sigri í prófkjöri Samfylkingarinnar og jafnvel formennsku. Allt þetta fer illa í Björn, að mati höfundar molans. Björn er ekki að draga úr þeirri kenningu að Össur strjúki honum öfugt þegar hann segir:

„Enginn skrifar af svo mikilli aðdáun á sjálfum sér en einmitt Össur.“ Kannski Össur sé kominn í vinnu á Pressunni?



### Álit alþingismanna

Sérstök umræða var á Alþingi í gær um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, sem fram fer á laugardag. Til hennar var stofnað þar sem nauðsynlegt þótti að ræða drög að stjórnarskrá efnislega áður en til kosninga kæmi.



### En að treysta kjósendum?

Gott og blessað er að þingmenn ræði um stjórnarskrána og vonandi hafa þeir gert það af því viti og víðsýni sem yfirleitt einkennir umræður á Alþingi. Það er hins vegar eitthvað brogað við þá hugsun að nauðsynlegt sé að alþingismenn ræði hluti til að þjóðin geti myndað sér skoðun. Einhver gæti tengt það við valdhroka að orð þingmanna þurfi til að kjósendur taki upplýsta ákvörðun. Með umræðunni komu flokkarnir skilaboðum til kjósenda sinna. Nú er spurning hvort þeir svari kallinu.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fólkið á að ráða – það er lýðræði


Ný stjórnarskrá



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður


1. Um hvað snýst þetta allt saman?
2. Er þetta ekki allt of flókið?
3. Hefur fólk eitthvert vit á þessu?
4. Verður nokkuð farið eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar?

**Svörin eru í sömu röð:**

1. Þetta snýst um hvort stjórnarskránni er skipað af öllu fólki eða einhverjum útvöldum.
2. Nei.
3. Já, við vitum öll hvað við viljum.
4. Já.

Spurningarnar eru á mannamáli og auðskiljanlegar. Engin vandkvæði eru á því að túlka niðurstöður atkvæðagreiðslunnar. Já þýðir já og nei þýðir nei.

Við stöndum á tímamótum. Fólkinu í landinu er gefinn kostur á að segja skoðun sína á tillögum að nýrri stjórnarskrá. Hingað til hefur verið litið á það sem einkamál stjórnmálamanna/Alþingis og lögfræðinga.

Heildarendurskoðun á þessu grundvallarplaggi stjórnskipunarinnar og undirstöðu laga hefur ekki tekist til þessa. Stjórnlagaráðinu tókst það. Kannski er það vitnisburður um að stjórnmálamenn og lögfræðingar eigi að halda sig til hlés hvað þessi efni varðar.

Margir hafa allt á hornum sér varðandi þá aðferð sem er notuð. Gæti það verið vegna þess að í gegnum árin hefur orðið til í landinu hópur fólks sem telur sig betur til þess fallið að ráða öllum okkar og hafa vit fyrir okkur en við getum öll í sameiningu?

Það er bráðnauðsynlegt í kjölfar þeirra þjóðfélagslegu hamfara sem við höfum gengið í gegnum að hrista upp í valdahlutföllum þjóðfélagsins. Nú er tækifæri.

Núna er tækifæri fyrir fólk að sýna hug sinn til þeirrar vinnu sem það sjálft hefur unnið á Þjóðfundi og í stjórnlagaráði. Allir kjósendur hafa tækifæri, ekki einungis einhverjir útvaldir eða sjálfskipaðir.

Spurningarnar fimm sem fylgja meginspurningunni eru um róttækar breytingar á stjórnarháttum okkar. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður því hvort þessar róttæku breytingar verða lagðar fram í frumvarpi sem lagt verður fyrir Alþingi um breytingar á stjórnarskrá.

Hvað er lýðræði? Svar: Fólkið á að ráða.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÍSLENSKT OG LJÚFT

**Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari og Árni Heiðar Karlsson píanisti leiða saman hesta sína með flutningi á íslenskum einsöngslögum í Hofi, Akureyri, á morgun kl. 16.00. Á dagskránni verða fjölmörg þekkt einsöngslög eins og Draumalandið, Í fjarlægð, Hamraborgin og fleiri perlur íslenska sönglagasafnsins.**


KitchenAid

KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



Uppskrift að heilsurétti?

10.000 kr. af hverri seldri bleikri KitchenAid hrærivél renna til Krabbameinsfélagsins.

Vörulisti er á vefnum www.ef.is

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja færustu kokka landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag lítur Úlfar við hjá Ragnari Ómarssyni, matreiðslumanni á veitingastaðnum Vox, sem er veitingastaður á Hilton hótel Nordica. Ragnar er líka meðlimur í Bocuse d'Or-akademíunni. Hér færir hann okkur uppskrift að fylltum kjúklingabringum. Hægt er að fylgjast með Ragnari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is. Næstu föstudaga heimsækir Úlfar fleiri matreiðslumeistara.



## FYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ FETAOSTI OG SKINKU

**Fyrir fjóra**
4 kjúklingabringur
200 g fetaostur
4 skinkusneiðar
1 msk. saxaður graslaukur
8 sneiðar beikon
Salt og pipar

Ristið í kjúklingabringu eftir henni endilangri en varist að fara alla leið í gegn þannig að bringan fletjist nánast alveg út. Blandið saman fetaosti og graslauk og smyrjið yfir bringuna sármegin og setjið skinkusneið þar ofan á. Rúllið bringunni upp og vefjið beikoninu um hana. Brúnið á vel heitri pönnu í smá olíu. Setjið í 170 gráðu heitan ofn í um 10 mín, eða þar til kjarnhiti nær 70 gráðum. Leyfið þeim að hvíla í 10 mínútur.

**Kúskús með sólþurrkuðum tómötum og ólífum**
200 g kúskús
200 ml kjúklingasoð (vatn með kjúklingakrafti)
4 msk. saxaðir sólþurrkaðir tómatar
4 msk. saxaðar ólífur
1 msk. söxuð steinselja
2 msk. ólífuolía
Salt og pipar

Blandið kúskúsinu, tómötum og ólífum í stóra skál og hellið sjóðandi kjúklingasoðinu yfir. Setjið plast yfir og látið standa í ca. 10 mín. Saxaðri steinselju er blandað saman við ásamt ólífuolíunni. Smakkað til með salti og pipar.

**Tzatziki –jógúrtsósa**
2 dl jógúrt
2 dl skyr
70 g agúrka (rifin)
70 g mangó (rifinn)
1 hvítlauksrif (fínt rifið eða saxað)
1/3 tsk. broddkúmen
1 msk. ferskt kóríander (saxað)
1 tsk. dijon-sinnep
Salt og pipar

Öllu blandað saman og smakkað til með salti og pipar.


www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara










# MENNING Í HÓLMINUM

**MENNINGARHÁTÍÐ** *Stykkishólmur lifnar við um helgina þegar hátíðin Norðurljós 2012 verður haldin. Bæjarbúar taka virkan þátt í viðburðinum.*

Menningarhátíðin Norðurljós 2012 stendur yfir þessa dagana í Stykkishólmi. Hátíðin hófst í gær, fimmtudag, og stendur yfir til sunnudags. Fjölbreyttir menningarviðburðir verða í boði en hátíðin í ár einblínir þó á myndlistarsýningar. Þórunn Sigþórsdóttir er ein þeirra sem sitja í undirbúningsnefnd hátíðarinnar. Hún segir að upphaf hennar megi rekja til þess að tveir bæjarfulltrúar fengu þá hugmynd að halda menningarhátíð að hausti í bænum. „Hátíðin var haldin í fyrsta skiptið árið 2010 og tókst mjög vel og var vel sótt. Þá var auglýst eftir þátttöku bæjarbúa og þeir hvattir til að taka þátt. Fullt af fólki vildi vera með og það sama á við um hátíðina í ár. Við erum mjög ánægð með viðbrögð bæjarbúa enda verður margt í boði fyrir hátíðargesti."

Fyrsta hátíðin einblíndi meira á tónlistaratriði en í ár fær myndlistin meira vægi að sögn Þórunnar. „Það verður margt áhugavert í boði á sviði myndlistar í ár. Sjöfn Har heldur sýningu en hún er fædd og uppalin í Stykkishólmi. Einnig mun Steinþór Sigurðsson, sem einnig er fæddur og uppalinn hér, halda myndlistarsýningu. Steinþór var aðalleikmyndateiknari Leikfélags Reykjavíkur um langt skeið. Bæði Sjöfn og Steinþór hafa haldið sýningar víða í Evrópu og Bandaríkjunum undanfarin ár og það verður spennandi að sjá sýningar þeirra."

Af öðrum myndlistarviðburðum má nefna sýningar Láru Gunnarsdóttur, Sverris Kristjánssonar og Birgis Sigurðssonar sem halda sýningar víðs vegar um bæinn. „Síðan munu nokkrir listamenn sýna verk sín á Amtsbókasafninu auk þess sem starfsfólk safnsins verður með upplestur á ljóðum og sögum á sama tíma."

Í Norska húsinu verða sýnd verk sem byggja á áhrifum frá hænum og kúm auk þess sem farandsýningin „Ekki snerta jörðina" verður sett upp í húsinu. Sýningin fjallar um leiki tíu ára barna og er fengin að láni frá Þjóðminjasafninu.

Af öðrum viðburðum hátíðarinnar nefnir Þórunn sýningu leikfélagsins Grímnis á kolsvörtu kómedíunni „Við dauðans dyr" sem sýnd verður á föstudag og sunnudag. „Einnig verða ýmsir tónleikar um helgina, ýmsir aðilar selja veitingar, skemmtilegar og fræðandi gönguferðir verða í boði og sönglakeppnin Söngvaseiður verður haldin á laugardagskvöldið svo fátt eitt sé nefnt. Þannig að það verður margt skemmtilegt í boði fyrir alla aldurshópa í bænum um helgina og það er um að gera að láta Hólminn heilla sig um helgina." Nánari upplýsingar um hátíðina og dagskrá hennar má finna á www.stykkisholmur.is.

**FJÖR Í BÆNUM** Mikið úrval menningarviðburða verður í boði í Stykkishólmi um helgina á menningarhátíðinni Norðurljósin 2012. MYND/ÚR EINKASAFNI



**ÞÓRUNN SIGÞÓRSDÓTTIR**







# FLAMENCO-TÓNLIST AF FINGRUM FRAM

Feðgarnir og gítarleikararnir Símon Helgi Ívarsson og Ívar Símonarson verða með tónleika í Listasafni Íslands á sunnudagskvöldið kl. 20.00.

Á tónleikunum verða leikin verk eftir Paco de Lucia, A. Sabicas og Paco Peña. Þá leika þeir ólík form flamenco-tónlistarinnar eins og Soleares, Bulerias, Sevillanas, Tanguillo, Malaguena y Verdiales og fleira. Tónleikarnir eru tileinkaðir minningu móður Símonar, Katrínu Sylvíu Símonardóttur, sem hefði orðið 100 ára í september.



**SPÆNSKUR STÍLL** Feðgarnir Símon og Ívar spila fyrir alla þá sem unna flamencotónlist í Listasafni Íslands á sunnudagskvöld.

## BIRGITTASIF.COM

**LEIÐRÉTTING**

**Í viðtali við teiknarann og barnabókahöfundinn Birgittu Sif á forsíðu Fólks síðastliðinn laugardag var slóð heimasíðu hennar misrituð. Heimasíða Birgittu er www.birgittasif.com. Þar má skoða ævintýraheima sem birtast í teikningum og söguhetjum Birgittu Sifjar, eins og snáðann Ólíver.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

19. OKTÓBER 2012

# Lífið

GEGGJUÐ GÖTUTÍSKA

SIGRÚN ÓSK BARNSHAFANDI

HEIMSÓKN TIL SIGGU HEIMIS



# LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA

## HENDRIKKA WAAGE UM ÁSTINA, NÝJA ILMVATNIÐ OG GÓÐGERÐARMÁLIN.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?



Leikritið Tveggja þjónn eftir Richard Bean var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á föstudaginn var. Þjóðþekktir einstaklingar nutu sýningarinnar og má þar nefna söngkonuna **Selmu Björnsdóttur,** sjónvarpsstjörnuna **Nilla** sem mætti í fylgd móður sinnar, Árna Tryggvason leikara og söngvarann Kristján Jóhannsson sem var glaður á að líta ásamt syni sínum.



Þá mátti einnig sjá **Katrínu Jakobsdóttur** menntamálaráðherra og leikkonurnar Sólveigu Arnarsdóttur og Þórunni Lárusdóttur.






Lífið

UMSJÓN

**Ellý Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Ásta Kristjánsdóttir

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Förðun Hendrikku: Fríða María


# FJÖR Á FAKTORÝ

**Hitað var upp fyrir Iceland Airwaves í vikunni með tónleikum á efri hæðinni á Faktorý þar sem Sykur, Berndsen og RetRoBot trylltu gesti sem voru glaðir.**

MYNDIR/SIGURGEIR SIGURÐSSON

› Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid



Smart vinkonur.



Flottir í tauinu.



Slaufan rekur endahnútinn á útlitið hjá þessum herramanni.



Gleðin greinilega við völd.



Kátar konur.






## ANNAÐ BARN Á LEIÐINNI

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, einn stjórnenda þáttarins Ísland í dag, er konan á bak við sjónvarpsþættina Neyðarlínan sem eru á dagskrá Stöðvar 2 á fimmtudagskvöldum. Sigrún gengur með sitt annað barn en fyrir á hún tveggja ára son með sambýlismanni sínum, Jóni Þór Haukssyni.**



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir var valin besta fjölmiðlakona landsins á dögunum af álitsgjöfum DV. Hún er vel að titlinum komin.




Sigrún prýddi forsíðu Lífsins 5. október síðastliðinn.

# Vinsælar vörutegundir með 35% afslætti

## dagana 18.-22. október



### Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2810 kr.**

Verð áður: 4330 kr.

**35% afsláttur**



### Dekurvörur með smjörtrésmauki

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki (þ.e. „shea butter“ á ensku), sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2810 kr.**

Verð áður: 4330 kr.



### Fast púður og farðabursti

Tvær vörutegundir saman: „Pressed powder“ (þ.e. fast púður, fæst í 6 litbrigðum) og „Face & body“-farðabursti

**Verð nú: 3235 kr.**

Verð áður: 4980 kr.

**35% afsláttur**



### Dekurvörur með ólífuolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2810 kr.**

Verð áður: 4330 kr.

**35% afsláttur**



### Aloe vera-andlitsvörur

Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjólk (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) – allt saman vörutegundir sem innihalda græðandi og rakagefandi aloe vera-gel

**Verð nú: 3470 kr.**

Verð áður: 5340 kr.

**35% afsláttur**



### Handa unnustanum

Tvær vörutegundir saman: „White musk sport“-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 2100 kr.**

Verð áður: 3230 kr.



### E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml)

**Verð nú: 3230 kr.**

Verð áður: 4970 kr.

**35% afsláttur**



### Fyrir eiginmanninn

Tvær vörutegundir saman: „Of a man“-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 2100 kr.**

Verð áður: 3230 kr.

**35% afsláttur**

THE BODY SHOP®

Sendum í póstkröfu
sé þess óskað,
sími 588 7299

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI**



Hér er Sigga í Egginu ásamt dóttur sinni Önnu Lovísu.

# SINDRI SÆKIR SIGGU HEIM

**Sindri Sindrason sjónvarpsmaður heimsækir Siggu Heimis iðnhönnuð á fallegt heimili hennar á Seltjarnarnesi, þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum, í þættinum Heimsókn sem er í opinni dagskrá strax að loknum kvöldfréttum á Stöð 2 annað kvöld.**



Sigga hefur hannað bæði fyrir Fritz Hansen í Danmörku og Ikea í Svíþjóð og endurspeglar skandinavískt heimili hennar það vel.



Sigga er með fallegar sjöur í eldhúsinu sínu á Seltjarnarnesi þar sem hún býr ásamt eiginmanni og þremur börnum. MYNDIR/STEFÁN KARLSSON






## Dagur í lífi — María Builien Jónsdóttir, 23 ára

# Í FULLU HÁSKÓLANÁMI SAMHLIÐA REKSTRI

**07.00** Vakna og fæ mér granóla í morgunmat.

**08.00** Sæki litla bróður minn og við keyrum samferða niður í Háskóla Íslands þar sem ég er í fullu námi í líffræðinni. Þar legg ég áherslu á allt sem tengist manninum og erfðafræði hans.

**11.30** Fæ mér góðan hádegismat, oft afgang frá kvöldinu áður eða góða súpu, og drekk síðan einn Aloe Vera King yfir daginn.

**12.00** Mæti í verklega tíma eða þá ég fer beint upp á bókasafnið í Öskju og læri og vinn í fyrirtækinu mínu, ICE import í gegnum síma og tölvu, en fyrir ári síðan stofnaði ég heildsölufyrirtæki sem flytur inn alveg náttúrulega drykki eins og Aloe Vera King/ Queen frá OKF í Kóreu og er ég núna að bæta tedrykkjum við línuna.

**18.00** Ef tími gefst til reyni ég að mæta á æfingu en fer annars heim og sinni hundunum mínum tveimur. Ég á bæði pug og doberman sem þurfa mikla athygli. Ég heyri síðan alltaf aðeins í mömmu eða pabba.

**19.00** Létt húsverk og geri kvöldmat fyrir mig og kærastann en yfirleitt er það soðin ýsa eða bakaður lax sem verður fyrir valinu – um þrisvar til fjórum sinnum í viku.



Nemi í líffræði við Háskóla Íslands og eigandi ICE import ehf.

**20.00** Held áfram að læra og vinn í bókhaldi fyrirtækisins, útbý reikninga og geri áætlanir og ræði við starfsmann um það sem var gert yfir daginn.

**00.00** Sofna vel þreytt eftir daginn.


HAUSTIÐ ER KOMIÐ
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LUKTUM OG KERTASTJÖKUM
20% AFSLÁTTUR
3 FYRIR 2 AF KERTUM
MARGIR LITIR
SVEFNSÓFI
BIG STAY
RÚMAR TVO
GOTT GEYMSLURÝMI
the PIER
199.900
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# LEGGUR GÓÐUM MÁLEFNUM LIÐ

## Hendrikka Waage um ástina, lífið, nýja ilmvatnið og hennar hjartans mál – góðgerðarmálin.

**HENDRIKKA WAAGE**
**ALDUR:** 46
**STARFSHEITI:** Skartgripahönnuður og rithöfundur.
**BÖRN:** Guðjón Böðvarsson Waage.
**ÁHUGAMÁL:** Lestur góðra bóka, ferðalög, að hanna og skapa, tíska, jóga, göngutúrar, söngur, tónlist, fara á pólóleiki, horfa á kappróður, brids, tala við gamalt fólk svo fátt eitt sé nefnt.
**MORGUNMATUR:** Smoothie.
**TÓNLIST:** Leonard Cohen, Stuðmenn, Billy Idol, David Bowie, Beyoncé, Guðjón Böðvarsson Waage, Pálmi Gunnarsson. Mér finnst líka gaman að fylgjast með Svölu Björgvins – hún er mjög flottur listamaður.
**TÍMARIT:** The London Times, Vanity Fair, indverska, franska og rússneska Vogue og O.
**HÖNNUÐUR:** Matthew Williamson, Roberto Cavalli, Ralph Lauren og margir íslenskir hönnuðir t.d. Guðmundur Jörundsson.
**FYRIRMYND:** Móðir mín Guðrún H. Waage, Elisabeth Taylor, Stephen Hawking, Oprah, dr. Anthony Seldon, Bob Geldof og fleiri.
**DRAUMUR:** Að lifa lífinu lifandi!

**Segðu okkur frá góðgerðarhádegisverðinum sem þú heldur á morgun. Hvernig kom það til og hvernig tók fólk í þá hugmynd að vera með?** Við hjá Kids Parliament, ásamt nokkrum konum meðal annars úr Félagi kvenna í atvinnurekstri, FKA, erum að undirbúa glæsilegan hádegisverð sem haldinn verður á morgun, laugardag, til styrktar Reykjadal. Það er sumar- og helgardvalarstaður fyrir fötluð börn og ungmenni. Hádegisverðurinn verður undir merkjum Magic Ring Kids-verkefnisins í Hörpu í Norðurljósum og stendur yfir frá klukkan 13 til 15.

### Góðgerðarsamtökin

Kids Parliament eru alþjóðleg góðgerðasamtök tengd Sameinuðu þjóðunum og hafa aðsetur í Vín. Tilgangur samtakanna er að efla menntun, hvetja og styðja við bakið á börnum, þá sérstaklega fjölfötluðum börnum. Í ráðgjafanefndinni eru einstaklingar sem hafa verið áberandi stuðningsmenn réttinda barna og málefna þeirra svo sem Dalai Lama, Kerry Kennedy og Betty Williams.

### Dorrit gefur flíkur úr einkaeigu

Verndari viðburðarins er Amir Dossal frá New York. Amir hefur starfað síðastliðin þrjátíu ár hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann mun fyrir hönd Kids Parliament afhenda verðlaunin fyrir mannúðarstörf í þágu fatlaðra hér á landi. Veislustjóri er Jakob Frímann Magnússon. Hið fágaða tvíeyki Kormákur og Skjöldur mun sjá um frábært uppboð. Fullt af skemmtilegum hlutum og upplifunum eru í boði eins og glæsilegt Armani-kvenmannsúr, dagur með Kalla Berndsen, VIP-miðar á leik Manchester United og Galatasaray í meistaradeild Evrópu (UEFA-Cup), kjóll frá Ellu og margt fleira. Þá mun frú Dorrit Moussaieff gefa okkur fallegar flíkur úr einkaeigu sinni sem hægt er að njóta eða bæta í einkasafnið. Einnig verða seldir happdrættisvinningar.

**Segðu okkur aðeins meira frá sumarbúðunum sem þið eruð að styrkja.** Sumarbúðirnar í Reykjadal hafa það að leiðarljósi að búa börnunum sem þar dvelja örvandi og kærleiksríkt umhverfi. Um leið gefst foreldrum stundarhvíld frá sólarhringsumönnun barna sinna. Rekstrar- og viðhaldskostnaður við sumarbúðirnar í Reykjadal er mjög hár en ánægjan sem dvölin þar veitir hverju barni er algjörlega ómetanleg. Það er von okkar að nægilegt fjármagn safnist til kaupa á sérstakri sjúkralyftu, stillanlegum rafmagnsrúmum og til að kosta innréttingu á svokölluðu snoezelen-herbergi; skynörvunarherbergi af því tagi eru sérstaklega útbúin til að að vinna með fjölbreytt skynáreiti með notkun ljóss, hljóða, lita, tónlistar, lyktar og fleira. Þannig verður til umhverfi sem gefur einstaklingnum kost á að njóta sín á sínum eigin forsendum. Allur ágóði þessa mikilvæga verkefnis rennur eins og fyrr segir óskiptur til eflingar starfsemi Reykjadals og erum við allar að starfa í sjálfboðavinnu. Hægt er að nálgast miða í Kastaníu á Höfðatorgi, sími 577-5570, eða leggja inn á reikning 130-15-382936 kt. 130166-5399.



Hendrikka með syni sínum Guðjóni Böðvarssyni Waage.

### Hugsaði um fjölfatlaðan frænda

**Nú gafstu höfundarlaun síðustu bókar til Kids Parliament og hefur verið öflug í að sinna öðrum góð-**




Skartgripalína Hendrikku er glæsileg.

## Dagur í lífi Hendrikku Waage

**7.30** Vakna um klukkan 7.30-8.00 fæ mér annaðhvort heitt vatn með lime eða stundum einn góðan kaffi latte. Svo kyrja ég.
Geri einn góðan grænmetishristing í morgunmat. Geri síðan yfirleitt Tracy Anderson-teygjurnar 4-5 daga vikunnar. Enginn dagur er eins hjá mér.

**9.00** Fer yfir póstinn minn og svara. Það getur oft tekið dágóðan tíma. Sinni öðrum verkefnum t.d. pöntunum.

**12.00** Fæ mér hádegisverð og hleð batteríin fyrir það sem koma skal um eftirmiðdaginn.

**13.00** Tek lest til London og fer á fundi og sinni ýmsum viðskiptaerindum.

**19.00** Tek lest heim og fer í göngutúr í kringum Virginia Water. Það sem eftir lifir kvölds nýti ég í rólegheit og til dæmis les.






Hendrikka með íslenskum börnum í Laugardalnum. MYND/SIGRÚN

**gerðarmálum í gegnum tíðina. Segðu okkur aðeins frá því og hvaða gildi hefur það fyrir þig?** Það hefur alltaf skipt mig máli að leggja góðum málefnum lið og Reykjadalur er mér mjög kær. Ég á fjölfatlaðan frænda sem var mikið á mínu heimili þegar ég var ung og ég passaði hann mjög mikið þannig að maður hefur mjög góða reynslu af að vera í kringum þessi yndislegu börn. Hann hlakkaði alltaf voðalega mikið til að fara í Reykjadal.

## Bók væntanleg

**Nú hefur þú verið dugleg að skrifa bækur um Rikku og töfrahringinn. Er væntanleg ný bók frá þér um Rikku?** Já, fjórða bókin mín fjallar um Rikku og töfrahringinn í Englandi og kemur út næsta vor þar sem Rikka ferðast með vini sínum Oliver í Englandi og fer á marga áhugaverða og skemmtilega staði.

## Með eigin skartgripalínu

**Skartgripalínan þín, fer hún vaxandi?** Já, hún er seld víðs vegar í Bretlandi, Skandinavíu, New York og svo auðvitað hér á Íslandi. Ég er með svokallaða tískulínu sem er ódýrari en silfurlínan mín en hún gengur mjög vel.

**Hvaðan kemur innblásturinn að skartgripagerðinni?** Innblásturinn kemur mikið að austan og úr trúarbrögðum.

## Nýtt ilmvatn væntanlegt

**Nú ert þú að koma með þitt fyrsta ilmvatn á markaðinn. Segðu okkur frá því.** Ilmvatnið heitir Fjóla og er létt og ferskt fyrir konur á öllum aldri. Þetta er tímalaust ilmvatn, rómantískt og kvenlegt og kemur í verslanir í lok nóvember. Verkefnið hefur verið skemmtilegt og gaman að þróa þessa nýju vöru.

**Nú hefur þú búið erlendis í nítján ár. Hvenær hefur þú hugsað þér að flytja heim til Íslands aftur?** Ekki hugmynd – ég er svo sem alltaf með annan fótinn hér á Íslandi.

**Hvers saknarðu helst frá Íslandi?** Pabba míns, stórfjölskyldu og vina, fjallanna, vatnsins, fiskbúðarinnar Fylgifiska og græns ópals.

**Hvers saknar þú ekki frá Íslandi?** Smæðarinnar.

**Ertu að upplifa drauma þína?** Já.

**Hvað gefur lífi þínu gildi?** Að lifa lífinu í lit.

**Ertu ástfangin?** Mjög svo.

**Hvaða kosti þarf maðurinn sem fangar hjarta þitt að bera?** Hann þarf að hafa góðan húmor og vera „free spirited“.

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Vonandi get ég litið yfir farinn veg hamingjusöm og sátt. Svo vil ég útbúa mér japanskan garð þar sem ég get dundað mér og hvílst.

**Eitthvað að lokum?** Nobody is waiting for you, and you shouldn't take anything for granted.







## HULDUKONA



Krullaðu hárið með krullujárni eða sléttujárni.



Skiptu hárinu í tvennt, þvert yfir hvirfil. Taktu hárið að framan öðrum megin og túberaðu létt.



Rúllaðu síðan hárinu upp á vísifingur og baugfingur annarrar handar.



Haltu áfram að rúlla hárinu upp á fingurna þangað til þú ert komin upp að hársverði.



Haltu fast með fingrunum utan um hárið og færðu höndina til þannig að snúningurinn fari upp með höfðinu. Dragðu snúninginn upp og passaðu að sleppa ekki hendinni.



Spenntu vel ofan í snúninginn sem myndaðist þangað til þér finnst rúllan vera föst. Slepptu hendinni rólega frá og togaðu snúninginn vel eftir hentisemi.



Endurtaktu svo ferlið hinum megin.

# SKREF FYRIR SKREF...



**Út er komin dásamleg hárbók eftir Theódóru Mjöll Skúladóttur Jack sem konur á öllum aldri ættu að óska eftir í jólapakkann í hár. Bókin, sem ber nafnið Hárið, sýnir yfir sjötíu greiðslur í einföldum skrefum. Margir eru sammála um að lengi hafi vantað slíka bók í íslenska bókaflóru. Einnig er gagnlegur fróðleikur um umhirðu hársins. Ljósmyndirnar í bókinni tók engin önnur en Saga Sig og um förðun sá Ísak Freyr Helgason. Hér má sjá brot úr bókinni.**

## FISKIFLÉTTA



Taktu hárið í lágt tagl og settu litla gúmmíteygju í.



Skiptu taglinu í tvennt og taktu frá lítinn lokk yst í öðrum hlutanum.



Færðu litla lokkinn yfir þann hluta sem hann var tekin úr og undir hlutann við hliðina þar sem þeir sameinast.



Taktu annan lítinn lokk yst í hinum hluta hársins og gerðu eins og áður, en í hina áttina (passaðu að nota ekki sama lokk og úr hinum hlutanum).



Endurtaktu ferlið alla leið niður með taglinu.



Settu teygju í endann og losaðu um fléttuna að vild.



Klipptu á efri gúmmíteygjuna.






smashbox
CREATED.TESTED.PHOTOGRAPHED. AT SMASHBOX STUDIOS L.A.
smashbox camera ready
BB CREAM
SPF 35
CrèmeTeintée
JUST LET IT BB!
THE 5-IN-1 GAME CHANGER FOR FLAWLESS SKIN
PRIMES. PERFECTS. PROTECTS. HYDRATES. CONTROLS OIL.
AVAILABLE IN 5 SHADES
Kringlan Smáralind Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Tískubloggarinn sjálfur með flott sólgleraugu.



**KATRÍN ERLA FRIÐRIKSDÓTTIR**
ALDUR? 13 ára
SKÓLI? Ölduselsskóli, er á listdansbraut í JSB í djassballett og ballett.
AÐALÁHUGAMÁL? Tíska, dans og ljósmyndun.

Sumar kveður og haust tekur við…

# TÍSKAN SÉÐ MEÐ AUGUM 13 ÁRA TÍSKUBLOGGARA

**Prjónaðar peysur, hermannajakkar, há kuldastígvél og stuttbuxur með málmgöddum (e. studs) eru á meðal þess sem er vinsælt í verslunum bæjarins þetta haustið og það sem hin þrettán ára Katrín Erla Friðriksdóttir tískubloggari festi á filmu á dögunum en hún heldur úti vinsælu bloggi, http://l0ve-fashi0n.blogspot.com.**



Þykkar prjónapeysur verða einnig mjög áberandi.



Stuttbuxur með göddum.



Há kuldastígvél eru vinsæl í haust og vetur.



Hermannajakkar af öllum stærðum og gerðum verða áberandi í vetur.






Harpa Einarsdóttir fatahönnuður.

## 19-19-19

Sjöunda samsýning Muses.is opnar á morgun, 19. október, kl. 19.00 á efstu hæðinni á Höfðatorgi. Um er að ræða 19 listamenn sem sýna verk sín en meðal þeirra eru þau Harpa Einarsdóttir, Inga María Brynjarsdóttir, Harpa Rún Ólafsdóttir, Bergþór Morthens, Sylvía Dögg Halldórsdóttir, Örn Tönsberg og Sævar Karl.

Það er Rakel Sævarsdóttir sem er konan á bak við Muses.is. Hún hefur verið dugleg að skipuleggja pop upsýningar hér á landi.

Sjá meira á www. muses.is.

Extra




# TYGGÐU EXTRA
## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Lífið

## Helgar-MATURINN



**Berglind Guðmundsdóttir**

**heldur úti fallegri matarsíðu sem ber heitið www.gulurraudurgraennogsalt.com. „Ég legg mikla áherslu á að maturinn sé næringarríkur, líti vel út og sé bragðgóður.“**

### Kjúklingaréttur sem kitlar bragðlaukana

2 eggaldin, skorin í tvennt
3 rauðar paprikur, kjarnahreinsaðar og skornar í tvennt
Olía
600 gr. kjúklingalundir
Chilikrydd
1 laukur, smátt skorinn
3 hvítlauksgeirar, pressaðir
1 dós (400 gr.) pastasósa
1 dós (70 gr.) tómatpúrra
1 kúla mozzarella, skorin í þunnar sneiðar
1 búnt af ferskri basilíku, söxuð
Brauðmylsna úr tveimur vel ristuðum brauðum
Pasta að eigin vali, soðið þar til næstum al dente

1. Penslið eggaldin og paprikurnar með olíu og leggið á ofnplötu með bökunarpappír þannig að hýðið snúi upp. Grillið í ofni í um 30 mínútur eða þar til húðin á paprikunum verður svört. Kælið. Takið hýðið af paprikunum og skafið kjötið úr eggaldinunum. Látið paprikurnar og kjötið úr eggaldinunum saman í skál.
2. Kryddið kjúklinginn með chilikryddi og steikið á pönnu þar til hann er eldaður í gegn og gylltur. Takið til hliðar.
3. Léttsteikið því næst lauk og hvítlauk saman. Bætið grilluðu paprikunum og eggaldinkjötinu saman við og hrærið í um 1 mínútu. Bætið pastasósu og tómatpúrru út í og hrærið að suðu. Takið af hellunni, setjið basilíku út í og kryddið með salti og pipar.
4. Takið eldfast mót og setjið í það rúmlega botnfylli af soðnu pasta.
   Hellið helmingnum af sósunni yfir pastað og raðið því næst kjúklingnum yfir það og hellið svo restinni af sósunni yfir. Setjið mozzarella yfir allt saman og stráið brauðmylsnu yfir.
5. Látið í ofn í um 15 mínútur eða þar til osturinn er gullinn.



MYND/ HEIÐA.IS

# MÁ SEGJA AÐ ÉG SÉ FEIK LJÓSKA

Kristrún Ösp Barkardóttir er ófeimin við að setja myndir af sér á Facebook-síðuna sína, bæði af sér og syni sínum Baltasar, sem hún á með lögfræðingnum Sveini Andra Sveinssyni. Það á líka við þegar hún fer í hárlitun eins og í vikunni sem leið.

„Ég lita mig 12-14 sinnum á ári. Hermann, besti vinur minn, litar mig, hann á Modus í Smáralind,“ svarar hún þegar hún er spurð hve oft hún litar hár sitt.

Ertu með dökkan háralit? „Já, ég er með skollitað hár svo það má segja að ég sé feik ljóska,“ segir Kristrún Ösp.

„Hermann litar mig ljóshærða í rótina og setur flottan tóner yfir allt hárið frá Tigi Bedhead. Eftir það blæs hann hárið upp úr Maraccon-olíunni.“



Hermann Ólafsson

MYND/ÚR EINKASAFNI




## BÍLAR & FARATÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



MMC Pajero instyle 3,2 disel 35,,. Árgerð 2007, ekinn 120 Þ.KM, sjálfskiptur. leður,bakkmyndavél,umboðsbíll, þjónustubók.einn eigandi, TILBOÐ 3.990.000. Rnr.103970.



VOLVO Xc90 d5. Árgerð 2007, ekinn 150 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.leður,einn eigandi,TOPP EINTAK Verð 4.990.000. Rnr.222135.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLASALA ÍSLANDS



Til sölu Isuzu Trooper 1999, Disel, ek293 þús km, bsk, 7manna, heilsársdekk. Verð 490 þús kr 100% Visa-Euro í allt að 48 mán.raðn.109085



Til sölu Nissan Almera 1999,bensin ek205 þús km, sjálfskiptur,heilsársdekk, Verð 290 þús kr. 100% Visa-Euro í allt að 48 mán.raðn.109147



Til sölu Toyota Yaris 2000, bensin, ek 258 km, bsk,heilsársdekk, verð 290 þús kr.100% Visa-euro í allt að 48 mán. raðn.109146



Til sölu Suzuki Grand Vitara 2001, bensin ek 212 km, bsk, heilsársdekk, verð 580 þús kr. 100% Visa-euro í allt að 48 mán.raðn.109148

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**

Bílalíf



**TILBOÐ 990.000.-**
SUBARU FORESTER.Árgerð 2004,ekinn 159.þ km,sjálfskiptur,skipt um tímareim í 104.þ,er á staðnum.Verð áður 1.480.000.- Tilboð 990.000.- Rnr.102745.Sími:562-1717.



MAZDA 3 SPORT.Árgerð 2006,ekinn 134.þ km,með topplúgu,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð 1.580.000. Rnr.102980. Sími:562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ Sprinter 310 doka 4x2. Árgerð 2012, ekinn 0 KM, dísel, 5 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.180018.



MERCEDES BENZ C 200 kompressor. Árgerð 2004, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, parktronic skynjarar, m/nýju innréttingunni. Gott verð 1.790.000. Rnr.160328.



LAND ROVER Freelander 2 s. Árgerð 2007, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.110767.



AUDI Q7 quattro dísel S-line. Árgerð 2007, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett 7.190.000 TILBOÐ 6.490.000. Rnr.160128.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM Outlander Comfort Árgerð 2006, ekinn 99þ.km, ssk. Flott eintak sem er á staðnum!Verð 1.450.000kr ~~Raðnúmer 153078. Sjá nánar á www.stora.is~~



Subaru Impreza 2.0 4x4 Árgerð 1999, ekinn 140þ.km, ssk. Ódýr og góður bíll sem er á staðnum! Verð 490.000kr. Raðnúmer 153775. Sjá nánar á www.stora.is



MM Pajero GLS Árgerð 11/2000, ekinn 205þ.km, ssk, bensín, leður o.m.fl.. Jeppi í flottu standi og er á staðnum! TILBOÐ 990.000kr. Raðn 132650. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélasalan
577 4777



NISSAN Maxima qx 3.0. Árg 2001, ekinn 210 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 499. þús Rnr.105475.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**4X4**
BMW 5 525 xi e60 . Árgerð 2007, ekin aðeins 43 Þ.KM vel útbúinn . Verð 5.590.000. Rnr.146172.



**Flott eintak**
TOYOTA Rav4 vx . Árg. 2008 ekinn 88 Þ.KM leður lúga dráttarbeisli sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.135404.

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bilar.is bílasala



NÝ COLEMAN SEDONA 8 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.499.800kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Skráðu bílinn frítt, 25% afsláttur Mikil eftirspurn. www.netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2.



Ford F150 árg.'04, ek.150þ bensín og Travel Lite pallhýsi árg.'05. Uppl. 8626264




Tilboð á Nissan Leaf rafbílum. Voru niðurgreiddir í USA með skattaívilnunum. Frá Kr. 3.500.000 heimkominn með niðurfellingu tolla+VSK sem fæst tímabundið. Orkuveitan byrjuð að setja upp hraðhleðslustaurana í Reykjavík með ókeypis áfyllingu á rafbíla! Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar. Ódýrari nýjir og notaðir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Islandus.is - S. 5522000

## 0-250 þús.



**GLÆSILEGUR Á 299þ**
Vw Passat 1.8 árg 10/99" sjálfskiptur ekinn 205þ ný skoðaður 13" heilsársd Glæsilegt eintak! verð 299þ stgr uppls 777-3077



**ÓDÝR SJÁLFSKIPTUR 145 ÞÚS!**
Nissan Almera árg'97 ek aðeins 162 þús, sjálfskiptur, skoðaður 13, heilsársdekk, alveg í topp standi og gott að keyra en er orðin lúinn að utan (ryðguð bretti) verðið er lágt og ekkert svigrúm fyrir prútt 145 þús s.841 8955



**Focus 2001 TILBOÐ 250**
Focus 2001 TILBOÐ 250 ÞÚS! Ford Focus station 1,6 árg 2001 skoðaður 13 fínasti bíll ásett verð 520 þús TILBOÐ 250 ÞÚS STGR S.841 8955

Hyundai Accent árg ,98, ek. 150 þús. Verðtilboð 150 þús. Uppl. í s. 774 0742

## 250-499 þús.



Til sölu Hyundai Elantra ,99. Ek. 108 þús. Sjsk. Vetrardekk fylgja. Litur vel út. Verð 350 þús. Uppl. í s. 856 7409.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Jeppar



MMC Pajero árg. ,98 ek. 260þ 33" dekk nýr rafgeymir,vatnskassi,hedd og turbina. Verð 950þ, ATH skipti á USA jeppa. S. 895-7496

## Sendibílar

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar



**Tilboð á umfelgun**
13,14,15 og 16 tommu kr. 5.800 16" jepplingar 6.500 Kaldasel ehf dekkjaverkstæði Dalvegur 16 b, 201 Kópavogur s 5444333

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Smápartar.is**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 220 ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

# Kaliforníuvæðing

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Kalifornía væri áttunda stærsta hagkerfi heims væri hún sjálfstætt ríki. Með sinn blómlega hátækni- og afþreyingariðnað ætti fylkið að hafa allar forsendur til að vera í ágætum málum fjárhagslega. Reyndin er hins vegar önnur. Kalifornía veður í skuldafeni. Um það eru flestir sammála. Það eru ekki allir jafnsammála um ástæðurnar en beint lýðræði er þó oftar en ekki nefnt sem skýring.

Árið 1978 samþykktu kjósendur í Kaliforníu svokallaða tillögu 13, stjórnarskrárbreytingu sem fól í sér að skattahækkanir þurftu framvegis að njóta aukins meirihluta á þinginu. Þar með hófust vandræðin. Tekjur ríkisins voru nú takmarkaðar að ofan. Tíu árum síðar, árið 1988, var samþykkt önnur tillaga sem fól í sér að 40% af fjárlögum fylkisins væru þar eftir eyrnamerkt menntun, og þau mátti ekki skera niður frá árinu áður nema með auknum meirihluta. Þar með var stór hluti útgjaldanna orðinn ósnertanlegur. Margar aðrar slíkar tillögur hafa fylgt í kjölfarið og tillögum sem þessum verður ekki snúið við nema með auknum meirihluta eða annarri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er vandinn í hnotskurn: a) kjósendur vilja borða köku b) kjósendur vilja ekki borga fyrir köku.

Flestir virðast nú á því að auka veg beins lýðræðis, láta fólk kjósa um meira og oftar. Þannig tala allir stjórnmálaflokkar og tillögur stjórnlagaráðs stíga talsvert langt í þá átt. Kannski eru þær hugmyndir ekki algalnar. En dæmin frá Kaliforníu sýna alla vega að nokkur víti þarf að varast. Og ef við sem kjósendur eigum að ráða útgjöldum ríkisins þurfum við að búa okkur undir að ákveða: Viljum við vera nísk eða gjaldþrota?

Tillögur að útgjöldum hljóma sjaldan illa. Fátt er með öllu illt ef það kostar milljarð. Nú hefur SÁÁ farið af stað með tillögu að frumvarpi um að 10% af áfengissköttum verði framvegis varið í málaflokk sem SÁÁ-mönnum stendur nærri hjarta. Hljómar vel en þetta er eitt skref af mörgum í átt að gjaldþroti ríkissjóðs. Ef við treystum okkur ekki til að hafna velhljómandi útgjaldatillögum sem þessum þá eigum við ekki að taka upp beint lýðræði. Nema að við beinlínis viljum verða gjaldþrota.

Skoðum þetta í samhengi: Á seinasta ári námu heildarskatttekjur hins opinbera 517 milljörðum króna. Þar af voru áfengisskattar 11 milljarðar. Nú hefur sem sagt komið fram látlaus tillaga um að litlum 1,1 milljarði af þessu fé verði framvegis, sama hvað á dynur, varið í einn málaflokk, endurhæfingu áfengissjúklinga að lokinni meðferð. Einföld deiling sýnir því að það þarf nákvæmlega 470 svona hugmyndir til að allar tekjur ríkisins verði eyrnamerktar einhverjum góðum málefnum. En skrefin geta hæglega orðið stærri og leiðin að gjaldþroti þar með styttri.

Í tillögum stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir að 2% kjósenda (um 4.600 manns) geti lagt fram þingmál á þingi. Þá munu 10% (um 23.000) geta knúið fram atkvæðagreiðslu um frumvarp sem kjósendur hafa samið. Þegar þetta er skrifað hafa rúm tíu þúsund skrifað undir undirskriftar-

> Fátt er með öllu illt ef það kostar milljarð.

söfnun SÁÁ. Forsvarsmenn söfnunarinnar gætu þá nú þegar lagt fram þingsályktunartillögu eða frumvarp fyrir þingið miðað við tillögur stjórnlagaráðs.

Bæði skattalög og fjárlög eru undanþegin þjóðaratkvæðagreiðslum skv. tillögum stjórnlagaráðs svo mér sýnist tillaga SÁÁ ekki tæk í þjóðaratkvæði skv. þeim. Jafnvel þótt svo væri gæti þingið samt ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan væri einungis ráðgefandi. Síðan gæti Alþingi áfram numið brott lög sem samþykkt eru í þjóðaratkvæði eins og hver önnur. Varnaglar eins og þeir sem hér eru nefndir skipta máli, mun meira máli en hvers kyns þröskuldar. Þeir þingmenn, og aðrir, sem vilja vinna með þessi mál áfram ættu að hafa það hugfast.

Tillögur eins og „Betra líf" eru kannski ekki það alversta sem hent getur Ísland ef beint lýðræði skýtur rótum. En þetta er líklegast það sem við munum hvað oftast eiga von á. Stór, ágætlega skipulögð félagasamtök að beita áhrifum sínum til að knýja fram atkvæðagreiðslu um það sem þeim stendur næst hjarta, með von um að geta kannski kosið til sín einhverja fjármuni. Vörum okkur á því. Við þurfum ekki að Kaliforníuvæða Ísland. Alla vega ekki hvað fjármálin varðar.

# Það nægir að merkja „já" við fyrstu spurningunni

Ný stjórnarskrá
Hans Kristján Árnason
hagfræðingur og stofnandi Stöðvar 2



Á laugardaginn kemur, 20. október, fer fram kosning um tillögur að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Margir hafa sagt við mig að þeir treysti sér ekki til að mæta á kjörstað vegna þess að það sé erfitt að taka ákveðna afstöðu til allra sex spurninganna á kjörseðlinum, jafnvel þó viðkomandi sé á þeirri skoðun að tillögur stjórnarskrárráðsins efli lýðræðið á Íslandi og séu augljóslega mikil réttarbót, miðað við núgildandi stjórnarskrá.

Þessi ótti er ástæðulaus. Það nægir að merkja aðeins við fyrstu spurninguna á kjörseðlinum.

Ef kjósendur telja að með tillögunum um nýja stjórnarskrá sé stigið skref í átt til réttlátara þjóðfélags, þá nægir að mæta á kjörstað núna á laugardaginn og merkja „JÁ" við fyrstu spurningunni.

Og spurningin er: „Já, ég vil að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá."

Ekki þarf því að taka afstöðu til allra hinna fimm spurninganna, því einfalt „já" nægir til að lýsa stuðningi við þessa mestu réttarbót í sögu lýðveldisins.

Það, að sitja heima og taka ekki þátt í kosningunni á laugardaginn, er að mínu mati glatað tækifæri til að bæta okkar gallaða þjóðfélag.

Mætum á kjörstað og merkjum a.m.k. „já" við fyrstu spurningunni! Með því styðjum við réttarbót fyrir okkur í framtíðinni.




FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR
EVRÓPUSAMRÆÐUR

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands heldur tíu málstofur um Evrópusamrunann og Ísland í vetur. Stofnunin hlaut styrki frá Evrópustofu og úr Jean Monnet sjóði ESB til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi.

Í DAG, 19. OKTÓBER, KL. 12-13.15 Í ODDA 201
Kynjasamþætting í 15 ár: Alþjóðleg viðhorf og stefna Evrópusambandsins
FYRIRLESARAR:
Dr. Joni Seager, prófessor við Bentley háskóla
Jenny Claesson frá ráðgjafafyrirtækinu Add Gender í Svíþjóð.

NÆSTU FYRIRLESTRAR:

FÖSTUDAGINN 2. NÓVEMBER, KL. 12 TIL 13.15 Í ODDA 201
Orkuöryggi í Evrópu: Stefna Evrópusambandsins og svæðisbundin vandamál
Dr. Amelia Hadfield, Jean Monnet prófessor við Vrije háskóla í Brussel, og Romas Svedas, ráðgjafi Evrópusambandsins í orkumálum.

FÖSTUDAGINN 16. NÓVEMBER, KL. 12 TIL 13.15 Í ODDA 201
Byggðastefna Evrópusambandsins og reynsla Finnlands
Dr. John Bachtler, prófessor og forstöðumaður European Policies Research Centre við Strathclyde háskóla, og Kari Aalto, forstöðumaður Evrópuskrifstofu Norður-Finnlands.

Fundirnir fara fram á ensku
og allir eru velkomnir.
Nánari upplýsingar á www.ams.hi.is

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET

UPPBOÐ
á ýmsum munum
Vörumiðstöð Samskipa, laugardaginn 20. október kl. 12

Uppboðið verður haldið af Sýslumanninum í Reykjavík í aðstöðu vörumiðstöðvar Samskipa Kjalarvogi 7-15 Reykjavík. Aðkoma að húsnæði Samskipa: Gengið er inn um dyr nr. 33 hjá vöruafgreiðslu inn á svæðið. Bílastæði eru fyrir framan húsið.

Boðnar verða upp ótollafgreiddar og tollafgreiddar vörur. Meðal þess sem boðið verður upp eru húsgögn, uppþvottavélar, prentvél, innréttingar, geisladiskar, fatnaður, skór, leikföng, bílaþvottastöð, verkfæri, innkaupakörfur, bækur og margt fleira.




Einungis peningar eða debetkort eru tekin gild sem greiðsla, hvorki ávísanir né kreditkort.

Greiðsla við hamarshögg.

SAMSKIP

# tímamót

timamot@frettabladid.is



62 **GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR,** fyrrverandi alþingismaður, á afmæli í dag.

*„Andrúmsloftið er orðið þannig í samfélaginu að það þarf víða að laga til. Það er eitt af því jákvæða við þetta hrun.“*



**FULL TILHLÖKKUNAR** Verkið Blakkát eftir Björk Jakobsdóttur verður frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu í kvöld. Björk er full tilhlökkunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BJÖRK JAKOBSDÓTTIR: ÉG SETTI MITT LITLA HJARTA Í VERKIÐ

## Fyndið verk sem stingur líka

Leikritið Blakkát eftir Björk Jakobsdóttur verður frumsýnt í kvöld. Verkið fjallar um Borghildi Sveinsdóttur sem er virðuleg kona á besta aldri sem vaknar upp á hótelherbergi daginn eftir árshátíð með óljósa mynd af atburðum liðinnar nætur. Edda Björgvinsdóttir leikstýrir verkinu og auk Bjarkar eru leikarar Hjörtur Jóhann Jónsson og Magnús Guðmundsson.

„Þetta er brjálæðislega persónuleg reynsla um harmleik lífs míns,“ segir Björk hlæjandi þegar hún er spurð hvaðan hún sótti innblástur að verkinu. „Ég hef verið með uppistand þar sem ég leik stundum fullu týpuna sem flestir þekkja úr boðum; manneskjan sem er alltaf aðeins á undan hinum í drykkjunni og hress eftir því. Eftir heimsókn til Eddu, þar sem umfjöllunarefnið var meðal annars fyllibyttusögur, byrjaði ég að skrifa og úr varð þessi skemmtilega kona sem Borghildur er,“ útskýrir Björk.

Að sögn Bjarkar er Borghildur vel gefin og sjarmerandi embættiskona á besta aldri. Hún er vel tengd í íslenskum stjórnmálum og ætlaði sér að verða fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra Íslands. Eftir árshátíð í Hörpunni vaknar Borghildur í ókunnugu hótelherbergi og á erfitt með að muna atburði liðinnar nætur. „Það er erfitt að segja meira um söguþráðinn án þess að ljóstra of miklu upp. En þetta er verulega dramatískur morgunn hjá Borghildi.“

Þetta er annað verk Bjarkar sem sett er á svið en það fyrra, Sellofón, sló rækilega í gegn hér á landi og var jafnframt sett upp víða í Evrópu. Björk vonar að Blakkát hljóti jafn góðar viðtökur og Sellofón.

„Ég er svo bjartsýn að eðlisfari og ætla mér að sýna Blakkát ekki sjaldnar en Sellofón sem var sýnt í tvö ár. Ég setti mitt litla hjarta í verkið og finnst það eiga erindi við fólk. Það er fyndið þó það stingi kannski svolítið líka.“

Generalprufa verksins fór fram á miðvikudag og að sögn Bjarkar gekk hún vel. „Það var svo gaman og áhorfendur hlógu mikið. Það var fullt af tæknivandamálum en það skipti engu máli því við skemmtum okkur svo vel. Ég er því full tilhlökkunar fyrir frumsýninguna í kvöld.“

Verkið er sýnt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði.

sara@frettabladid.is

---



Okkar ástkæra móðir, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og dóttir,

**SIGRÍÐUR ÁGÚSTA JÓNSDÓTTIR**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 10. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum öllum þeim sem sýndu henni og okkur umhyggju og hlýju í veikindum hennar og við andlát.

**Þórdís Marteinsdóttir**
**Jón Guðmundur Marteinsson**
**Hafsteinn Alexander Marteinsson** **Sveinbjörg Sævarsdóttir**
**Valgeir Elís Marteinsson**
**Ingibjörg Fríða Margeirsdóttir**
**Marteinn Eyjólfur, Sigríður Ásta og Athena Rós**
**Jón Guðmundur Bergsson** **Guðrún B. Björnsdóttir**

---



Elskuleg dóttir mín, systir okkar og mágkona,

**SOLVEIG BJÖRNSDÓTTIR**

sem lést þriðjudaginn 9. október, verður jarðsungin frá Skeiðflatarkirkju laugardaginn 20. október klukkan 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar eru hvattir til að styrkja starfsemi Kattholts.

**Rósa Haraldsdóttir**
**Jóhann Þorsteinsson** **Elfa Sch. Elfarsdóttir**
**Agla Sigríður Björnsdóttir** **Jóhann Örn Ingimundarson**
**Þorlákur Sindri Björnsson** **Halldóra J. Gylfadóttir**
**Ingibjörg Rósa Björnsdóttir**
**Haraldur Björnsson**
**og börn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**TRAUSTA GESTSSONAR**
**skipstjóra,**
**Langholti 27, Akureyri.**

Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun færum við Heimahlynningunni á Akureyri.

**Ásdís Ólafsdóttir**
**Jörundur Traustason** **Ingveldur Jóhannesdóttir**
**Stefanía Traustadóttir**
**Maríanna Traustadóttir** **Ásgeir Adamsson**
**Ólafur Traustason**
**Gestur Traustason** **Hulda Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær bróðir okkar, uppeldisbróðir, mágur og frændi,

**STEFÁN MAR FILIPPUSSON**

er lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Seyðisfirði laugardaginn 13. október verður jarðsunginn frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 20. október kl. 14.00.

**Magnús Filippusson**
**Sigurður Filippusson** **Soffía Ívarsdóttir**
**Andrés Filippusson**
**Sunneva Filippusdóttir** **Torfi Matthíasson**
**Ragnhildur Filippusdóttir** **Kristján Helgason**
**Árni Jón Sigurðsson** **Pálína Haraldsdóttir**
**Gissur Sigurðsson** **Guðrún Árnadóttir**
**Steinunn Stefánsdóttir** **Freysteinn Þórarinsson**
**og systkinabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR SIGURJÓNSSON**
**fv. sérleyfishafi,**

verður jarðsunginn laugardaginn 20. október í Stórólfshvolskirkju, Hvolsvelli, klukkan 14.00. Sætaferðir frá BSÍ klukkan 12.00 og frá N1 Selfossi klukkan 12.45.

**Sigríður Halldórsdóttir**
**Sigurjón Garðar Óskarsson** **Anna Ólöf Ólafsdóttir**
**Halldór Óskarsson** **Edda Antonsdóttir**
**Ómar Óskarsson** **Erla Ríkharðsdóttir**
**Guðbjörg Óskarsdóttir** **Þórður Einarsson**
**Sigurlín Óskarsdóttir** **Þormar Andrésson**
**Óskar Óskarsson** **Íris Adolfsdóttir**
**Þórunn Óskarsdóttir** **Friðrik S. Þórarinsson**
**Unnur Óskarsdóttir** **Ágúst Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar, tengdamamma og amma,

**DÓMHILDUR JÓNSDÓTTIR**

lést á Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi 18. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Hallur Pétursson** **Guðríður Friðriksdóttir**
**Pétur Ingjaldur Pétursson**
**Guðrún Margrét Jónsdóttir**
**Auður Anna Jónsdóttir**

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát okkar ástkæra

**INGA HEIÐDALS JÓNSSONAR**
**Vesturbergi 120.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu Landspítala Fossvogi.

**Fjóla Stefánsdóttir og aðrir ástvinir.**

---



Ástkær eiginkona mín og móðir mín,

**INGVELDUR GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**Sléttuvegi 3, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans þann 14. október. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 22. október kl. 15.00.

**Þór Hróbjartsson**
**Sigurður Hjartarson**

---



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**RAGNHEIÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Sæbraut 17, Seltjarnarnesi,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 6. október. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Brynjólfur Þór Jónsson** **Theresa da Silva**
**Þorbjörn Jónsson** **Guðrún Svanborg Hauksdóttir**
**Jón, María, Haukur og Ragnheiður Þorbjarnarbörn**
**Helga Bryndís Jónsdóttir** **Þröstur Hjartarson**
**Níels Thibaud Girerd**
**Bryndís og Helga Brynjólfsdætur**



LANDSLIÐ ÍSLANDS Í BLÖNDUÐUM FLOKKI

# VIÐ STYÐJUM AFREKSFÓLK Í FIMLEIKUM



LANDSLIÐ ÍSLANDS Í BLÖNDUÐUM FLOKKI UNGLINGA

Austurbæjar Apótek Stofnað 2011

Maxi - Gott milli mála

CREDITINFO

SS

Iceland

Góa Stofnað 1968

sena

KFC

ÚRVAL-ÚTSÝN

papco

EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM

KJARNAFÆÐI

LÖGMÁL

SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

Gott fæði

Arion banki

Veislulist

GEO TÆKNI

TrackWell

ÍSTAK

RMK

SAFFRAN
HOLLT FERSKT OG FRAMANDI



LANDSLIÐ ÍSLANDS Í ÁHALDAFIMLEIKUM

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ryk, **6.** eftir hádegi, **8.** blóðhlaup, **9.** eldsneyti, **11.** leyfist, **12.** slæm skrift, **14.** mánuður, **16.** rás, **17.** tryllingur, **18.** kvabb, **20.** til, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** kringum, **4.** samhliða, **5.** bar, **7.** mjór, **10.** lepja, **13.** frjó, **15.** lima sundur, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** eh, **8.** mar, **9.** kol, **11.** má, **12.** krafs, **14.** apríl, **16.** æð, **17.** æði, **18.** suð, **20.** að, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** um, **4.** samsíða, **5.** krá, **7.** horaður, **10.** lap, **13.** fræ, **15.** liða, **16.** æsa, **19.** ðð.


**Páll Hrannar Hermannsson**
Sjúkraþjálfari hefur hafið störf hjá Stjá sjúkraþjálfun ehf. Hátúni 12



Tímapantanir í síma 551 1120
www.stja.is

STJÁ SJÚKRAÞJÁLFUN


# Dýrðin í Hálsaskógi

**BAKÞANKAR Stígs Helgasonar**



Marteinn skógarmús er erkisósíaldemókrat á skandinavíska vísu, þurr reglugerðarpési sem vill njörva umhverfi sitt niður í lagabálka. Eins konar forræðishyggjumús. Lilli klifurmús hins vegar, hann er listelski skýjaglópurinn og letiblóðið, tórir dag frá degi á litlu öðru en kænskunni, alls kyns dútli og íhlaupavinnu og þiggur fyrir ávexti annarra strits. Hann er afæta á samfélagi dýra.

**ÞESSI** niðurstaða er afrakstur greiningar sem fram fór í hádegisverðarhléi í mötuneyti við Skaftahlíð fyrir nokkrum vikum. Umræðurnar voru heitar og allt að því hatrammar. Hópurinn skiptist í Marteinsmenn og Lillamenn og svo gneistaði á milli. Bangsapabbi, sem alltaf á lokaorðið vegna þess eins að hann er miðaldra alfakarl, var teiknaður upp sem tákngerving feðraveldisins en erfiðar gekk að komast að sannleikanum um Mikka ref. Er hann síngjarni kapítalistinn sem sér villu síns vegar eða kannski almúginn, okaður af yfirvaldinu til að afneita sönnu eðli sínu?

**AUÐVITAÐ** er þetta verk allt bölvaður hippismi og eiginlega mesta furða að hægrimenn skuli yfirleitt hafa hleypt þessum áróðri að skilningarvitum barna sinna. Líklega hefur þeim í eina tíð þótt vænt um hina framandi og alltumlykjandi ógn sem stafar af mannfólkinu og hundinum þeirra og treyst á að hún innrætti krökkunum óméðvitaða andúð á Sovétríkjunum.

**SVONA** er hægt að lesa Dýrin í Hálsaskógi á ótalmarga vegu. Þau eiga það sammerkt með öðrum góðum bókmenntaverkum að það mætti gera sér eilífðarhobbí úr því að leggja á þau ólíkar mælistikur. Viljum við kannski að þetta sé bara ein bullandi umhverfispólitík? Er Habakúk Kárahnjúkavirkjun í hundslíki?

**HVAÐ** segir Marx okkur um Egner og Dýrin hans? Má finna þar samsvörun við marxískustu kvikmynd allra tíma, Metropolis? Er Habakúk kannski ekki vatnsaflsvirkjun, heldur flóðið sjálft sem harðstjórinn Fredersen í gervi bændahjóna hleypir af stað í von um að kæfa uppreisn alþýðunnar gegn ríkjandi fyrirkomulagi? Langsótt túlkun? Kannski, en það er allt í lagi.

**EINN** daginn mun ég spila þetta uppáhaldsævintýri mitt fyrir mín eigin börn, aftur og aftur þangað til nálin á plötuspilaranum brotnar og kaupa þá nýja til að ofnota – syngja með þeim lögin og sjá með þeim leikritið – og kannski, þegar þau eru orðin nógu gömul til að hafa þróað með sér heila, mun ég spyrja þau: Af hverju eru eiginlega bara strákadýr í Hálsaskógi? og vona að þeim takist að smíða fyrir mig nýstárlega kenningu.






## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957

FM957 vísir - oft á dag



Pampers
Lokar á leka
í allt að 12 tíma
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
Pampers leikur í verslunum Nettó
Þú verslar stóran pakka af bleium og blautklúta frá Pampers og tekur þátt (þátttökuseðlar í verslunum Nettó).
Tíu glæsilegir vinningar í boði:
1. Gjafabréf í Fífu að verðmæti: 80.000 kr.
2. Gjafabréf í Fífu að verðmæti: 30.000 kr.
3.–5. Gjafabréf í Nettó að verðmæti: 15.000 kr.
6.–10. Veglegar Pampers gjafakörfur.
fifa
SÍÐAN 1978

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt kortatímabil **OPNUM KL.10** Nýtt kortatímabil




**HIMNESKUR-LÍFRÆNN RAUÐRÓFUSAFI**
**498 KR. 750 ML**

ÍSLENSKUR
**GÓÐOSTUR**
ÞRJÁR GERÐIR Á GÓÐU VERÐI




TAKMARKAÐ MAGN
**1095 KR.KG.**




**Sinalco**
**69 KR. 500 ML**




**BÓNUS GRÓFT KÓKOSMJÖL 500 GR**
**359 KR.**




**FETI** Í KRYDDOLÍU / **FETI** MEÐ ÓLÍFUM Í KRYDDOLÍU
**298 KR. 250 GR**




HIMNESKT LÍFRÆNT
FÍNT EÐA GRÓFT
**SPELTHVEITI 1 KG.**
**398 KR.**

HIMNESKT



**CHIAFRÆ 200 GR**
**598 KR.**




**FROSIN JARÐARBER 1.2 KG**
**459 KR.**




**FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG.**
**498 KR.**

**ÓDÝRASTA HVEITIÐ**
Í BÓNUS ER
EUROSHOPPER




**EUROSHOPPER HVEITI 1 KG**
**98 KR.**







**GÓU HRAUNBITAR** 200 GR **GÓU ÆÐI BITAR** 200 GR
**198 KR.**

Nýtt kortatímabil **OPNUM KL.10** Nýtt kortatímabil **OPNUM KL.10**




**BÓNUS FRANSKAR:** ÚR ÍSLENSKUM KARTÖFLUM
**498 KR. 1.5 KG**

HIMNESKT




340 GR **HIMNESKT HNETUSMJÖR**
*LÍFRÆNT GRÓFT OG FÍNT*
**398 KR.**



HEIMA **MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500 GR**
**698 KR.**




**FREYJU STAUR:** ÞRÍR Í PAKKA
**198 KR.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatí
SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1879 KR.KG.
NAUTA Veisla
NAUTAVEISLU FROSNAR
NAUTARIBEYE SNEIÐAR
2998 KR.KG.
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK
NAUTGRIPA PIPARSTEIK
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU NAUTA
MÍNÚTUSTEIK ÚR FILE
HOLLENSK PAPRIKA
295 KR.
AVOCADO 750 GR
459 KR.
BAJONSKINKAN ER UNNIN ÚR GRÍSA-INNRALÆRI
BÓNUS
998 KR.KG.
BÓNUS BAJONSKINKA
Ali
698 KR.KG.
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI
NÝJAR ÍSLENSKAR RÓFUR Í LAUSU
NÝ UPPTEKNAR
198 KR.KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1879 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10
DIAPERS MIDI
DIAPERS MAXI
DIAPERS JUNIOR
BABY-WIPES
1398 KR.PK.
EUROSHOPPER BLEIUR 3 TEG. 1398 KR.PK
BABYWIPES/BLAUTKLÚTAR 72 STK. 175 KR.
RAUÐ MELÓNA
FRÁ BRASELÍU
195 KR.KG.
ISIO4 MATAROLÍA
20% MEIRA MAGN- SAMA VERÐ
545 KR. 1,2 LTR
Neutral
NEUTRAL STURTUSÁPA
1 LÍTRI
598 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**KALT** Blaðakonurnar Hanna Ólafsdóttir, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir klæddu sig eftir veðri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sönnu sakamálin forsýnd

**Sérstök forsýning á fyrsta þættinum í nýrri þáttaröð af Sönnum íslenskum sakamálum fór fram í hádeginu í gær í Bíói Paradís, en þátturinn verður frumsýndur á Skjá einum á mánudagskvöld. Löggæslufólk var áberandi meðal gesta þegar Fréttablaðið kom á staðinn.**



